


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt







Hádegisverður til fyrirtækja og stofnana

Hollt og ferskt
Fyrsta flokks hráefni
Fagmennska í fyrirrúmi

iss

Nánari upplýsingar á www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

6. júlí 2010 — 156. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Verk Einars í nýju ljósi

*Listasafn Einars Jónssonar býður almenningi að tjá sig um verk listamannsins.*

**tímamót 14**

## Eftir Hróarskeldu

*Sólstafir og FM Belfast komu fram á Hróarskeldu og fengu misjafna dóma.*

**fólk 18**



## Blikar á toppinn

*Breiðablik skaust á topp Pepsi-deildar karla með sigri á Selfossi.*

**íþróttir 17**

## veðrið í dag




**VAXANDI A-ÁTT** síðdegis með vætu sunnan til í fyrstu, annars hægur vindur framan af degi og úrkomulítið en talsverð rigning SA-lands í kvöld. Hiti 10-18 stig.

**VEÐUR 4**

# Breyting útilokar orkukosti

**Torfajökulssvæðið gæti fallið utan rammaáætlunar um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjana. Þar er um þriðjung nýtanlegrar jarðvarmaorku að finna. Ástæðan er textabreyting á umdeildu lagafrumvarpi.**

**ORKUMÁL** „Þetta kann að hafa þau áhrif að allt Torfajökulssvæðið standi utan rammaáætlunarinnar. Þá erum við að tala um einn þriðja af öllum nýtanlegum jarðhita sem eftir er í landinu að mati Orkustofnunar," segir Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku.

Textabreyting á frumvarpi iðnaðarráðherra um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða útilokar nýtingu á friðlýstum svæðum nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er textabreytingin runnin undan rifjum Vinstri grænna og var sett sem skilyrði fyrir því að málið yrði afgreitt út úr þingflokkum stjórnarflokkanna.

> Við verðum að hafa það hugfast að þessi lög sem hér um ræðir verða ekki sett yfir önnur lög um náttúruvernd.
>
> SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
> UMHVERFISRÁÐHERRA

Frumvarpið var kynnt í ríkisstjórn í desember en var ekki lagt fyrir þingið fyrr en um miðjan júní. Þá mælti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fyrir málinu í fjarvistum iðnaðarráðherra. Engar umræður urðu um frumvarpið og málið afgreitt til iðnaðarnefndar og annarrar umræðu.

Gústaf Adolf segir að Samorka muni gera athugasemd við textabreytinguna enda sé verið að breyta leikreglum eftir á. „Verkefnisstjórnin er búin að vinna mikið starf og skila mikilli vinnu. Nú er fjöldi svæða ekki lengur með og vart annað að sjá en þetta lýsi vantrausti á vinnu verkefnisstjórnarinnar." Allur gangur er á því hvernig friðlýsingarskilmálum er háttað á ólíkum svæðum.

„Þarna erum við að koma til móts við aðila sem töldu þetta betra fyrirkomulag, þó að ég sé annarrar skoðunar," segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra. „Við vorum að mæta áhyggjum um að friðlýst svæði yrðu sett inn í nýtingarflokk. Þetta breytir ekki miklu þannig séð, nema að þessi svæði fara ekki í verndarflokkinn og færri svæði flokkuð sem slík fyrir vikið."

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir málið snúast um það að friðlýst svæði, og þau sem þegar eru innan þjóðgarða, komi ekki til álita við rammaáætlun. „Nýtingarsýnin hefur yfirskyggt aðra sýn á landnotkun á Íslandi. Við verðum að hafa það hugfast að þessi lög sem hér um ræðir verða ekki sett yfir önnur lög um náttúruvernd." - shá / sjá síðu 8




**MÖGNUÐ TILÞRIF** Karl Roth var líflegur í boltanum í gær og býr sig hér undir grjótharða tæklingu á mótherja sínum. Árni Kristjánsson, Runólfur Ólafsson og Sigrún Helga Lund, eini kvenmaðurinn í hópnum, eru í viðbragðsstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eina konan fíflar karlana:

## Hittast alltaf klukkan 17.17

**ÍÞRÓTTIR** „Hann er alveg hörmulegur," segir myndlistarmaðurinn Karl Roth um fótboltavöllinn – ef völl skyldi kalla – við hlið æfingasvæðis KR-inga að Starhaga. „Það er agalegt hvað borgin sinnir þessum velli illa. Þetta er lífshættulegt, grjótið stendur upp úr þessu. En KR-ingarnir leyfa okkur ekki að nota æfingavöllinn sinn þannig að þarna erum við," bætir hann við.

Karl er prímus-mótorinn í um þrjátíu manna hópi sem tekst á í fótboltaskónum klukkan 17.17 á hverjum mánudegi á sumrin. En af hverju klukkan 17.17? „Það er bara svo auðvelt að muna það," svarar Karl. Meðal annarra þátttakenda eru leikstjórinn Hilmar Oddsson og Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Aðeins ein kona er í hópnum en hún stendur körlunum á sporði og vel það, og fíflar þá upp úr skónum í hverri sókn að sögn þátttakenda. - sh

Ný íþróttagrein ryður sér til rúms og þátttökumet eru slegin á hverju móti:

## Strandblakvellir fullir öll kvöld

**HEILSA** Mikill uppgangur er í strandblaki um þessar mundir. „Við erum að slá þátttökumet á hverju móti. Það má segja að fjöldi liða hafi tvöfaldast í sumar," segir Karl Sigurðsson, formaður strandblaksnefndar Blaksambands Íslands.

Karl segir að allir strandblakvellir séu fullir öll kvöld. Honum hafa borist margar fyrirspurnir um gerð strandblakvalla víðs vegar um landið.

Að sögn Karls er verið að tala um að búa til strandblakvelli á sextán stöðum á landinu í sumar. „Þá verða yfir þrjátíu vellir á landinu eftir sumarið."

Karl rekur auknar vinsældir strandblaks til þess hversu ódýr íþróttin sé.

„Það þarf ekkert að kaupa dýra hlaupaskó heldur fer fólk bara úr sokkum og skóm og út í sand. Það eina sem þarf er einn bolti," segir Karl Sigurðsson. - mmf / sjá Allt

Hljómsveitin Endless Dark:

## Samningur við evrópskan risa

**FÓLK „Við erum rosalega sáttir við þetta," segir Atli Sigursveinsson, gítarleikari rokksveitarinnar Endless Dark, sem samið hefur við enska tónleikafyrirtækið X-Ray Touring.**

**Samningurinn er mikilvægur fyrir Endless Dark því fyrirtækið er á meðal þeirra stærstu í Evrópu og hefur stór nöfn á borð við Coldplay, Eminem, Green Day, Snow Patrol, Nick Cave og Queens of the Stone Age á sínum snærum. Endless Dark er bókuð á tónlistarhátíðina Sonisphere í Englandi 31. júlí. Þar stíga Iron Maiden, Rammstein og Placebo einnig á svið.** - fb / sjá síðu 22


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



## SPURNING DAGSINS



*„Darri, er þessi mynd boðberi nýrra tíma fyrir þig?“*

„Ég vona það, allavega mun ég ekki bíða boðanna ef eitthvað kemur upp í kjölfarið.“

Darri Ingólfsson leikari fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Boðbera sem frumsýnd er á morgun. Hann hefur verið búsettur í Los Angeles undanfarin misseri og sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að þetta væri rosalegt hark og að hann hefði þurft að vinna við ýmislegt til að halda sér á floti.

Forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ á öðrum fundi nýrrar bæjarstjórnar:

# Tekur fyrir hljóðritun á fundi

**MOSFELLSBÆR** Hljóðritun var bönnuð á öðrum fundi nýrrar bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 30. júní síðastliðinn. Karl Tómasson, oddviti Vinstri grænna í Mosfellsbæ og forseti bæjarstjórnar, veitti ekki leyfi fyrir upptöku og gaf ekki upp nein haldbær rök í máli sínu, samkvæmt Ólafi Ragnarssyni, íbúa í Mosfellsbæ og áheyranda á fundinum. Ólafur bað forseta um leyfi til að hljóðrita fundinn, en slíkt hafði áður verið gert á fyrsta fundi bæjarstjórnar, 16. júní.



„Ég bað um leyfi til að hljóðrita fundinn, en forseti bæjarstjórnar meinaði mér það. Ég bað um rök, en hann sagðist ekki þurfa að rökstyðja það neitt frekar,“ segir Ólafur. „Það var verið að ræða um lýðræðisumbætur og aukið gegnsæi, en þetta þykir mér þversögn í því tilliti.“

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ og oddviti sjálfstæðismanna, segir málið vera storm í vatnsglasi og hljóðritun á fundinum 16. júní hafi verið undantekningartilvik.

„Á þeim fundi var tekið fram að hljóðritun af því tagi væri undantekningartilvik,“ segir Haraldur. Á fundinum var lögð fram bæjarmálasamþykkt um hljóðritun á fundum og um það verða settar nánari reglur. Til stendur að hljóðrita fundi og gera þá aðgengilega. **- sv**

Ný lög tóku gildi í gær:

## Fóstureyðingar leyfðar á Spáni

**SPÁNN, AP** Lög sem heimila fóstureyðingar án takmarkana tóku gildi á Spáni í gær.

Fyrri lög eru frá árinu 1985 og leyfa aðeins fóstureyðingar ef konu hefur verið nauðgað, heilsu hennar er ógnað eða ef fóstrið er mikið fatlað. Nú mega allar konur fara í fóstureyðingu á fyrstu fjórtán vikum meðgöngu. Einnig geta 16 og 17 ára stúlkur farið í fóstureyðingu án samþykkis foreldra. Dómstólar eiga eftir að úrskurða um lögin en andstæðingar segja þau í andstæð stjórnarskrá. **- þeb**

Exeter-málið þingfest í dag:

## Styrmir Þór ákærður fyrir peningaþvætti

**DÓMSMÁL** Ákæra sérstaks saksóknara í svokölluðu Exeter-máli verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Byrs, Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, eru ákærðir í málinu.



STYRMIR ÞÓR BRAGASON

Ragnari og Jóni Þorsteini eru gefin að sök stórfelld umboðssvik með því að samþykkja að veita félaginu Exeter lán fyrir 1,2 milljarða til að kaupa stofnfjárbréf í Byr af útvöldum aðilum. Byr krefur þá um 1,2 milljarða í bætur.

Styrmir er ákærður fyrir hlutdeild í brotinu, og auk þess peningaþvætti með því að taka við fjármununum. Hann er krafinn um 800 milljónir í bætur. **- sh**

# Krefjast 60 milljóna í bætur fyrir skítalykt

**Eigendur jarðarinnar Melaleitis krefja Hvalfjarðarsveit um 60 milljóna króna bætur fyrir að heimila starfrækslu svínabússins Stjörnugríss á næstu jörð. Sýkingarhætta sé af svínunum og lyktin óbærileg. Sveitarfélagið neitar bótaskyldu.**

**DÓMSMÁL** Hvalfjarðarsveit hefur verið stefnt fyrir Héraðsdóm Vesturlands til að greiða eigendum jarðarinnar Melaleitis sextíu milljónir króna í skaðabætur fyrir meinta rýrnun á verðmæti jarðarinnar í kjölfar útgáfu byggingarleyfis fyrir svínabú Stjörnugríss á Melum.

Eigendur Melaleitis eru fjórar systur. Í stefnu þeirra segir að þau umhverfisáhrif frá svínabúinu sem rýri hvað mest verðmæti Melaleitis sé lyktarmengun af húsum og áhrif vegna dreifingar svínaskíts frá búinu, umferðar í gegnum jörðina með skít frá svínabúinu á Melum og af skaðlegum efnum í svínaskít sem dreift sé í kringum Melaleiti.

Þannig segja Melaleitis-systurnar að verðgildi Melaleitis hafi minnkað til muna vegna starfsemi Stjörnugríss sem starfi í skjóli sveitarfélagsins. Möguleikar á bæði atvinnustarfsemi og frístundanotkun hafi minnkað í Melaleiti.

Stjörnugrís hefur rekið svínabú á Melum frá árinu 1999. Það er eitt stærsta svínabú landsins og stefnir nú að kaupum á tveimur öðrum stórum svínaræktarfyrirtækjum, á Brautarholti á Kjalarnesi og í Hýrumel í í Borgarfirði. Starfsemi og starfsleyfi Stjörnugrís hafa áður verið borin undir dómstóla og úrskurðarnefndir og fyrirtækið jafnan haft betur.

Eigendur Melaleitis vísa til ákvæðis skipulagslaga um hlutlæga bótaábyrgð. Valdi skipulagsbreyting því að nýtingarmöguleikar og verðmæti fasteigna lækki þá eigi viðkomandi rétt á bótum



**SVÍNARÆKT** Lyktarmengun er helsta ástæða þess að nágrannar svínabúsins á Melum krefja Hvalfjarðarsveit um bætur fyrir að hafa leyft Stjörnugrís að reka búið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

úr sveitarsjóði. Jarðeigendurnir segja Hvalfjarðarsveit hafa með því að samþykkja skipulagið brotið vísvitandi á rétti eigenda Melaleitis. Aðeins hagsmunir eigenda jarðarinnar Mela og sveitarfélagsins sjálfs hafi legið að baki útgáfu byggingarleyfis fyrir svínabúið. Þess utan hafi sveitarfélagið ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni áður en ákvörðun var tekin í málinu.

„Auðguðust bæði eigendur jarðarinnar Mela og sveitarstjórn á kostnað stefnenda [eigenda Melaleitis] á óréttmætan hátt,“ segir í stefnu systranna.

Héraðsdómur Vesturlands hefur kvatt til matsmenn til að vinna í málinu. Reiknað er með að niðurstaða þeirra liggi fyrir í haust. Segjast eigendur Melaleitis þá munu breyta bótakröfu sinni til samræmis við álit matsmannanna.

Hvorki náðist í sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar né lögmanns sveitarfélagsins við vinnslu þessarar fréttar. **gar@frettabladid.is**

Ingibjörg Pálmadóttir:

## Hafnar frétt af láni í New York

**VIÐSKIPTI Ingibjörg Pálmadóttir hafnar því alfarið að Jón Ásgeir Jóhannesson, eiginmaður hennar, hafi nýlega greitt upp 1,3 milljarða króna húsnæðislán vegna lúxusíbúðar sinnar á Manhattan, líkt og fullyrt var í fréttum RÚV í gær. Þar sagði að féð hafi verið millifært af reikningi hans í Royal Bank of Canada.**



INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR

**Ingibjörg segir í yfirlýsingu að Jón Ásgeir hafi aldrei átt reikning í bankanum né millifært þaðan fé. Íbúðin sé á hennar nafni og hún hafi samið við Landsbankann um uppgjörið. Glitnir hafi ekki lánað fyrir kaupunum.**

**„Frétt RÚV er því að öllu leyti röng, nema að Glitnir hefur höfðað mál á hendur mér í New York á þeirri einu forsendu að ég sé „hliðarsjálf“ eiginmanns míns, eins og Glitnir kýs svo smekklega að kalla það.“ - sh**

## VEÐUR

### Varað við hvassviðri

Veðurstofan varar við austan hvassviðri við suðurströndina og suðaustanlands í dag. Síðdegis má gera ráð fyrir vaxandi austan- og norðaustanátt á öllu landinu. Ferðafólki er bent á að tjöld og hjólhýsi geta fokið við þessar aðstæður.

## MENNING

### Nýr framkvæmdastjóri

Ari Matthíasson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins. Alls sóttu 25 um starfið. Ari mun hefja störf þegar leikhúsið tekur til starfa að loknu sumarleyfi. Ari er menntaður leikari, með MBA gráðu í rekstri og stjórnun frá HR og M.Sc. gráðu í hagfræði frá HÍ.

Skattamál einstaklinga:

## Viðhaldið er nú frádráttarbært

**SKATTAMÁL** Kostnaður við viðhald fasteigna er nú frádráttarbær frá skatti einstaklinga. Þetta er nýjung sem kemur til viðbótar 100 prósenta endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingastað. Endurgreiðslurnar eru tímabundnar.

Heimildin kemur til frádráttar tekjuskattsstofni við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 vegna 2010 og 2011, að hámarki 200 þúsund krónur hjá einhleypingi og 300 þúsund hjá hjónum og sambúðarfólki. **- shá**






Vísindamenn hafa þróað leið til að segja til um hvort fólk lifir lengur en 100 ár:

# Segja til um líkur á langlífi

**BANDARÍKIN** Bandarískir vísindamenn segjast hafa þróað leið til að segja til um líkurnar á því að manneskja lifi í meira en 100 ár.

Vísindamennirnir fundu 150 erfðafræðileg atriði sem fólk sem lifað hefur óvenjulega lengi á sameiginleg. Þeir hönnuðu stærðfræðilegt líkan sem reiknar út líkurnar á því að manneskja nái 100 ára aldri út frá þessum atriðum. Rannsóknin hófst árið 1995 og er stærsta rannsókn sem gerð hefur verið á fólki yfir 100 ára. Aðeins um einn af hverjum sex þúsund í vestrænum löndum nær þessum aldri.

Nákvæmni líkansins er 77 prósent, og sagði Paola Sebastiani sem leiddi rannsóknina, að það benti til þess að þó að erfðir hafi mikið að segja um langlífi séu þær ekki eini þátturinn. Lífsstíll og umhverfi geti til dæmis hjálpað fólki við að lifa lengur.

Vísindamennirnir segja möguleika á því að í framtíðinni muni fólk á einfaldan hátt geta fengið að vita líkur sínar á langlífi. Þó verði að hafa siðferðisspurningar um það í huga. Einn rannsakendanna hefur nú þegar hafist handa við gerð heimasíðu þar sem fólk getur reiknað þetta út hafi það nægilegar upplýsingar um erfðir sínar. **- þeb**



**ELDRI BORGARAR** Aðeins einn af hverjum sex þúsund íbúum í vestrænum löndum nær því að verða 100 ára.




## Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum. Þeir sem njóta þess að versla munu einnig geta svalað þorsta sínum í öllum þeim glæsilegu verslunarmiðstöðvum sem Orlando hefur uppá að bjóða, og ber þá helst að nefna Florida Mall, Premium Outlet og margar fleiri. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan. Bókaðu núna á urvalutsyn.is og tryggðu þér þitt sæti!




ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000



**Alamo Vacation Homes**
Íbúð með 3 svefnherbergjum.

**VERÐ FRÁ:**
**88.500 kr.**
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur



**Staybridge Suites**
Íbúð með 2 svefnherbergjum og morgunverði.

**VERÐ FRÁ:**
**97.600 kr.**
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur



**Baymont Inn**
Herbergi með morgunverði.

**VERÐ FRÁ:**
**86.800 kr.**
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 2. október – 8 nætur

## GENGIÐ 05.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,82 | 125,42 |
| Sterlingspund | 188,98 | 189,9 |
| Evra | 156,37 | 157,25 |
| Dönsk króna | 20,984 | 21,106 |
| Norsk króna | 19,355 | 19,469 |
| Sænsk króna | 16,267 | 16,363 |
| Japanskt jen | 1,4208 | 1,4292 |
| SDR | 186,15 | 187,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
200,7049

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tyrkir hóta að slíta stjórnmálasambandi við Ísraela nema þeir biðjist afsökunar á árás á hjálparskip:

# Ísraelar aflétta einangrun að mestu

**ÍSRAEL** Tyrkir hafa í fyrsta sinn hótað því að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael, en Tyrkland var lengi mikilvægasti bandamaður Ísraels meðal múslimaþjóða. Tilefnið er árás Ísraela á hjálparskip á alþjóðlegu hafsvæði í maí.

Eftir árásina kölluðu Tyrkir sendiherra sinn heim frá Ísrael. Utanríkisráðherra Tyrklands sagði í gær að aðeins væri hægt að afstýra slíkum slitum ef Ísraelar biðjist afsökunar á árásinni eða samþykki niðurstöðu alþjóðlegrar rannsóknar á árásinni. Stjórnvöld í Ísrael sögðust ekki ætla að biðjast afsökunar á neinu. Hersveitir hafi aðeins verið að bregðast við árásum skipverja þegar þeir komu um borð í skipið.

Ísraelar tilkynntu í gær að þeir hefðu að mestu aflétt einangrun á Gasasvæðinu. Einangrunin hefur verið í gildi undanfarin þrjú ár en hefur verið harðlega gagnrýnd af alþjóðasamfélaginu. Enn verður þó bannað að flytja byggingarefni á svæðið nema undir eftirliti Ísraela, og aðeins í byggingar sem alþjóðasamtök eins og Sameinuðu þjóðirnar hafa umsjón með. Mikil þörf er á byggingarefnum á svæðinu því eyðilegging þar er mikil.

Mannréttindasamtök hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að málið sé sett fram núna til að létta á alþjóðlegum þrýstingi en muni ekki hafa raunveruleg áhrif á fólkið á Gasasvæðinu.

Benjamin Netanyahu forsætisráðherra á að hitta Barack Obama Bandaríkjaforseta í dag. **- þeb**



**VIÐ LANDAMÆRIN Í GÆR** Ísraelskir verkamenn tóku við vörum á landamærunum við Gasa í gær eftir að einangruninni var aflétt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun um áhrif eldgossins:

## Askan hafði áhrif á tíunda hvern Svía

**SVÍÞJÓÐ Aska úr eldgosinu í Eyjafjallajökli breytti áætlunum 42 prósenta sænskra ferðalanga, og hafði einhver áhrif á 11 prósent allra Svía.**

**Visa í Svíþjóð lét framkvæma könnun um málið. Þar kom fram að truflunin hafði efnahagslegar afleiðingar fyrir rúmlega sjötíu prósent þessara Svía. 38 prósent eyddu yfir þúsund sænskum krónum í aukakostnað og 12 prósent meira en 5.000 sænskum krónum.**

**Mestu þurfti fólkið að eyða í mat og drykk, næstmest í breyttar ferðaáætlanir og gistingu. - þeb**

Medvedev skrifar Obama:

## Njósnir hafa ekki áhrif

**RÚSSLAND** Medvedev, forseti Rússlands, hefur fullvissað Barack Obama Bandaríkjaforseta um að handtaka ellefu Rússa fyrir njósnir muni ekki hafa neikvæð áhrif á samband ríkjanna.

Medvedev gat þessa í bréfi sem hann skrifaði hinum bandaríska starfsbróður sínum í tilefni af þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna 4. júlí. Ellefumenningarnir hafa ekki verið ákærðir fyrir beinar njósnir heldur fyrir að ganga erinda erlendis ríkis án þess að vera til þess formlega skráðir. **- ót**

**VIÐSKIPTI**

### Galli í Lexus

Toyota á Íslandi hefur innkallað átján Lexus-bíla vegna ventlagorma sem valdið geta gangtruflunum. Um 200 kvartanir hafa verið skráðar á heimsvísu og því ákveðið að innkalla 275 þúsund bíla.

# Þingmenn gagnrýna skort á undirbúningi

**Stjórnendur Seðlabankans, FME og viðskiptaráðherra gengu á fund þingnefnda í gær til þess að ræða tilmæli til fjármálafyrirtækja í kjölfar dóms Hæstaréttar um gengistryggingu lána. Lagarök Seðlabanka og FME verða ekki opinberuð.**

**ALÞINGI** Með tilmælum Seðlabanka og Fjármálaeftirlits til fjármálafyrirtækja vegna dóms Hæstaréttar um gengistryggingu lána er verið að hvetja almenning til að greiða fé inn í fyrirtæki sem standa sum mjög tæpt og gætu orðið gjaldþrota, segir Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins.

Ljóst er að tilmælin eru hvorki skuldbindandi fyrir fyrirtækin eða almenning. Eygló gagnrýnir harðlega að þau hafi verið sett fram án nægilegs undirbúnings. Niðurstaða Hæstaréttar hafi komið stjórnsýslunni í opna skjöldu.

Viðskiptanefnd og efnahags- og skattanefnd Alþingis héldu í gær sameiginlegan fund um hin umdeildu tilmæli vegna lánasamninga sem innihalda gengisviðmið gagnvart erlendri mynt. Fulltrúar Seðlabanka, FME og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins komu á fund nefndarmanna, auk Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra, Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, og fulltrúa frá Hagsmunasamtökum heimilanna.

Eygló segir að eftir fundinn sé ljóst að ríkisstjórnin, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafi ekki nauðsynlega yfirsýn yfir áhrif dóms Hæstaréttar. Undirbúningur fyrir útgáfu tilmælanna hafi verið óvandaður og ófullnægjandi. Yfirlýsingar viðskiptaráðherra, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits um áhrif dóms Hæstaréttar á fjármálastöðugleika hafi ekki byggst á neinum sérstökum útreikningum. Enn sé ekki búið að kortleggja efnahagsleg áhrif dómsins og takmörkuð lögfræðiálit virðist hafa legið fyrir.



**Á NEFNDARFUNDI** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, komu á fund viðskiptanefndar og efnahags- og skattanefndar Alþingis í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nefndarmenn óskuðu eftir því í gær að lögð yrðu fram þær matsgerðir og þau minnisblöð lögmanna sem tilmæli Seðlabankans og FME byggðust á. Stefán Jóhann Stefánsson, talsmaður Seðlabankans, sagði í gær við Fréttablaðið að lögfræðingar á vegum bankans og FME hefðu komið að gerð tilmælanna en sameiginlegt lögfræðiálit lægi ekki fyrir með þeim hætti að það verði gert opinbert.

Eygló segir að þingmenn stjórnarandstöðunnar séu reiðubúnir til að fara strax í það verkefni að setja ný lög um flýtimeðferð mála sem tengjast gengislánum, setja lög um hópmálsóknir og fleira sem ekki megi dragast frekar en orðið er. Ríkisstjórnin hafi frá því í febrúar daufheyrst við viðvörunum um þá stöðu sem nú er komin fram. Líklega þurfi að dæma í fimm til sex prófmálum áður en öllum vafa hefur verið eytt í kjölfar dóms Hæstaréttar. **peturg@frettabladid.is**



**STYTTAN** Jesústyttan fræga gnæfir yfir borginni og sést hún nú á nýjan leik.

Kennileiti Rio úr viðgerð:

## Jesústyttan sýnileg á ný

**BRASILÍA** Hin fræga Jesústytta í Rio de Janeiro í Brasilíu er nú aðgengileg ferðamönnum á ný.

Styttan hefur verið í viðgerð síðustu fjóra mánuði þar sem gert var við hana fyrir fjórar milljónir dollara. Það hefur því ekki sést í hana allan þann tíma, en þessa 38 metra háu styttu heimsækja nærri tvær milljónir ferðamanna á hverju ári.

Styttan var afhjúpuð í síðustu viku og lýst upp í gulu og grænu ljósi – litum brasilíska landsliðsins í knattspyrnu, sem þá var enn í keppninni. **- þeb**

Endurteknar kosningar:

## Enginn listi á Reykhólum

**REYKHÓLAR Enginn framboðslisti kom fram áður en framboðsfrestur vegna endurtekinna hreppsnefndarkosninga í Reykhólahreppi rann út í gær.**

**Sveitarstjórnarkosningarnar 29. maí voru úrskurðaðar ógildar í Reykhólahreppi þar sem sveitarstjórnin sinnti því ekki að fræða íbúa Breiðafjarðareyja um framboð og framkvæmd kosninganna. Nýjar kosningar eiga að fara fram 24. júlí. Þar sem enginn listi hefur borist verða þær óbundnar persónukosningar, þar sem allir kjörgengir íbúar eru í kjöri, rétt eins og hinar fyrri, að því er segir á reykholar.is. - pg**





Nicorette er stuðningsaðili Krafts

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk.. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**HVESSIR SÍÐDEGIS**
Veður verður ekki skemmtilegt næstu daga en við eigum von á rigningu og stífum vindi fram á föstudag. Mesta vætan verður suðaustan- og austanlands í fyrstu en á fimmtudag eru horfur á talsverðri vætu norðanlands en þá léttir til suðvestanlands.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 22° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 36° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 21° |
| París | 24° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

## Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Sjóðheitir sumarbílar

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser 120 LX**
3000 dísil sjálfsk. álfelgur, filmur.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 210.000 km
Verð: 3.990.000 kr. Skr.nr. LM 646

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 30.800 km
Verð: 3.190.000 kr. Skr.nr. PSZ 24

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus RX400H Luxury**
3300 bensín/rafmagn sjálfsk. navi, M/L
Á götuna: 09.07 Ekinn: 46.400 km
Verð: 9.290.000 kr. Skr.nr. HOS 88

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Corolla H/B Luna**
1600 bensín beinsk. hlaðinn aukabúnaði
Á götuna: 09.06 Ekinn: 32.000 km
Verð: 2.030.000 kr. Skr.nr. DF 383

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser 200**
4700 bensín sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 72.000 km
Verð: 10.950.000 kr. Skr.nr. FOD 98

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Hilux D/C**
3000 dísil sjálfsk. 33" breyttur, beisli o.fl.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 58.000 km
Verð: 3.990.000 kr. Skr.nr. RX 555

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Corolla Terra**
1400 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 40.400 km
Verð: 2.400.000 kr. Skr.nr. NVG 62

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 43.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. KIR 97

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Rav4 GX**
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 38.000 km
Verð: 3.850.000 kr. Skr.nr. LZU 62
Betra verð: 3.490.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Auris**
1400 bensín beinsk.
Á götuna: 06.08 Ekinn: 43.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. EHG 84

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk. MM
Á götuna: 06.08 Ekinn: 32.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. DNB 45
Betra verð: 1.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Aygo**
1000 bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 25.000 km
Verð: 1.650.000 kr. Skr.nr. FXH 60

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Skoda Roomster**
1400 dísil beinsk.
Á götuna: 10.07 Ekinn: 21.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. UUP 76

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**VW Golf H/B**
1600 bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.06 Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. RB 787

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Lexus 200 W/G**
2000 bensín beinsk.
Á götuna: 09.04 Ekinn: 61.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. LO 784

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Mazda 6 W/G**
2000 bensín sjálfsk. álfelgur.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 162.400 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. KI 026
Betra verð: 1.590.000 kr.

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

**BNB-sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570-5220**

**www.toyotakopavogi.is**

Today
Tomorrow
Toyota

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú borðað hvalkjöt?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hyggst þú taka þátt í mótmælum vegna tilmælanna um gengistryggð lán?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Líkamsleifar Bobby Fischer grafnar upp í fyrrinótt samkvæmt dómi Hæstaréttar:

# Lífsýni tekið úr líki Fischers

**DÓMSMÁL** Jarðneskar leifar skákmeistarans Bobby Fischer voru grafnar upp í fyrrinótt og lífsýni tekið úr þeim. Fischer er jarðsettur í Laugardælakirkjugarði. Þetta var í samræmi við dóm Hæstaréttar frá því í júní. Heimilað var að grafa líkamsleifar Fischers upp og taka úr þeim lífsýni til að skera úr um faðerni stúlku frá Filippseyjum, sem segist vera dóttir skákmeistarans.

Sóknarprestur og læknir voru viðstaddir þegar líkið var grafið upp og var lífsýnið tekið á staðnum. Að því loknu var kista Fischers grafinn aftur. Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir þess hafa verið gætt sérstaklega að allt færi virðulega fram.

Lífsýnið verður nú sent til rannsóknar og borið saman við lífsýni úr stúlkunni en ekki liggur fyrir hvenær niðurstöðu úr því er að vænta. - bs



**GRÖF BOBBY FISCHER** Vart mátti greina í gær að hróflað hefði verið við gröf skákmeistarans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjármálahneyksli í Frakklandi:

# Franskir ráðherrar hætta

**FRAKKLAND Tveir ráðherrar í frönsku ríkisstjórninni hafa sagt af sér eftir fjármálahneyksli í tengslum við ráðuneyti þeirra.**

**Christian Blanc eyddi tólf þúsund evrum í vindla sem hann reykti að stórum hluta sjálfur. Alain Joyandet flaug með einkaþotu í Karíbahafið í stað þess að fljúga með farþegaþotu. Einkaþotan kostaði 116.500 evrur.**

**Nicolas Sarkozy forseti og Francois Fillon forsætisráðherra kröfðust þess að ráðherrarnir segðu af sér á sunnudag. - þeb**

Utanríkisráðherra erlendis:

# Til Króatíu og Ungverjalands

**UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fór í gær í opinbera heimsókn til Króatíu en hann mun einnig heimsækja Ungverjaland.**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

**Í Króatíu mun Össur hitta Gordan Jandrokovic, utanríkisráðherra landsins, og Dr. Ivo Jospovic, forseta þess. Í Ungverjalandi mun hann hitta János Martonyi utanríkisráðherra og Pal Schmitt sem er verðandi forseti Ungverjalands.**

**Auk þessara funda mun Össur kynna sér verkefni sem íslensk fyrirtæki standa að í báðum löndum. - mþl**

Margir stefna í Strandabyggð:

# Fjörutíu vilja í sveitarstjórastól

**SVEITARSTJÓRNIR** Alls sóttu fjörutíu um starf sveitarstjóra í Strandabyggð að því er kemur fram á strandir.is. Úr hópi umsækjenda má nefna Grétar Mar Jónsson, skipstjóra og fyrrverandi alþingismann úr Sandgerði, og Ragnar Jörundsson, bæjarstjóra í Vesturbyggð. Níu konur sóttu um og 31 karl.

„Fram undan er vinna við að fara yfir umsóknir og ræða við umsækjendur, en Hagvangur sér um að vinna úr umsóknum ásamt Strandabyggð. Sveitarstjórn Strandabyggðar er ákaflega hamingjusöm yfir þessum fjölda umsækjenda og einnig yfir vel heppnuðum Hamingjudögum sem fram fóru um nýliðna helgi,“ segir á strandir.is. - gar

# Landsbankinn situr allt í kringum borðið

**Óánægja ríkir með það hvernig Landsbankinn stendur að sölu lyfjadreifingarfyrirtækisins Parlogis. Bankinn eigi fyrirtækið, selji það og hafi sérstakan hag af því að tiltekinn aðili eignist það. Nokkur fyrirtæki hættu við tilboð á miðri leið.**

**VIÐSKIPTI** Nokkur óánægja ríkir í viðskiptalífinu með meðferð Landsbankans á lyfjadreifingarfyrirtækinu Parlogis. Landsbankinn á meirihluta í fyrirtækinu, fyrirtækjaráðgjöf hans annast sölu þess, og hann er jafnframt viðskiptabanki þess fyrirtækis sem helst er rætt um að geti hreppt hnossið.

Vestia, eignaumsýslufélag Landsbankans, á 80 prósent í Parlogis og Atorka 20 prósent. Frestur til að leggja fram skuldbindandi tilboð í fyrirtækið rann út nú í lok júní. Af tíu fyrirtækjum sem fengu útboðsgögnin afhent bauð einungis eitt í félagið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þar um að ræða tilboð frá lyfjafyrirtækinu Icepharma, langstærsta viðskiptavini Parlogis.

Parlogis hefur 73 prósent tekna sinna af viðskiptum við Icepharma, en bæði fyrirtækin voru áður í eigu Atorku. Samningur Icepharma um viðskiptin er uppsegjanlegur í lok næsta árs. Fyrirtækið hefur af þeim sökum afgerandi sterka stöðu þegar félagið er selt, enda stærstur hluti tekna Parlogis annars ekki tryggður nema í hálft annað ár.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gætir töluverðrar óánægju með það að Landsbankinn skuli sitja allra vegna borðsins í málinu. Hann eigi fyrirtækið, sjái um sölu þess og sé þar að auki viðskiptabanki Icepharma, og eigi því nokkuð undir því að það sé stöndugt.

Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, vildi í samtali við Fréttablaðið ekki staðfesta að Icepharma hefði boðið í Parlogis. Hún sagði hins vegar að sú túlkun stæðist engan veginn að Landsbankinn hefði mikinn hag af því að Icepharma eignaðist Parlogis, enda hefði Landsbankinn að engu leyti fjármagnað Icepharma, þótt hann væri viðskiptabanki fyrirtækisins.



**LANDSBANKINN** Vestia, eignaumsýslufélag Landsbankans, á 80 prósent í Parlogis. Fyrirtækjaráðgjöf bankans sér um söluna á því. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Meðal hinna fyrirtækjanna sem sýndu áhuga á að kaupa Parlogis voru Eimskip og ónefnt bandarískt stórfyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og dreifingu á heilbrigðisvörum. Því síðarnefnda var ekki hleypt inn í lokaumferðina vegna þess að það flokkaðist ekki sem fagfjárfestir, sem var eitt skilyrðanna fyrir boði. Hilmar Pétur Valgarðsson, fjármálastjóri Eimskips, segir að ekki hafi verið sent inn skuldbindandi tilboð þar sem samlegðaráhrif á milli fyrirtækjanna hefðu ekki verið ekki nægjanleg. Hann geti ekki kvartað yfir vinnubrögðum Landsbankans.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 að afskrifa þyrfti hundruð milljóna af skuldum Parlogis við söluna.

stigur@frettabladid.is

## Hagsmunatengsl í söluferlum óheppileg

Finnur Oddsson, formaður Viðskiptaráðs Íslands, vill ekki tjá sig um mál Parlogis sem slíkt, en segir hins vegar að um breytingar á eignarhaldi í atvinnulífinu, það er að koma fyrirtækjum úr eigu fjármálafyrirtækja, sé eitt af forgangsmálunum í endurreisn hagkerfisins. „Það er því afar óheppilegt að upp komi tilvik þar sem hagsmunatengsl í söluferlum eru óeðlilega mikil, en það hefur oft gerst á undanförnum mánuðum,“ segir hann. „Það rýrir traust, torveldar nauðsynlegt breytingarferli og hægir á efnahagsbata.“



**FINNUR ODDSSON**



**FRYSTITOGARAR** Grandatogarar voru mánuði fljótari að ná kvótanum en búist var við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úthafskarfavertíð lokið:

# Mun betri veiði en búist var við

**SJÁVARÚTVEGUR** Veiðum frystitogara HB Granda á úthafskarfa á djúpslóð er lokið á þessari vertíð. Fjögur frystiskip stunduðu veiðarnar og varð afli þeirra alls um 4.600 tonn. Á heimasíðu fyrirtækisins segir að mun betur hafi gengið að veiða kvótann en menn áttu von á. Gefur það fyrirheit um að staða karfastofnsins á Reykjaneshryggnum sé betri en talið hefur verið lengi vel.

Birkir Hrannar Hjálmarsson, rekstrarstjóri togara HB Granda, segir að allir fimm frystitogarar félagsins séu nú að veiðum innan lögsögunnar en gert var ráð fyrir því að úthafskarfavertíðin stæði í mánuð til viðbótar. - shá

## GRUNDARFJÖRÐUR

### Eldur í beinaverksmiðju

Eldur kom upp í plaströrum í gömlu beinaverksmiðjunni í Grundarfirði í gærkvöld. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins. Gamla beinaverksmiðjan er notuð sem verksmiðja.

## AKRANES

### Yfirvinnubanni aflétt

Bæjarráð Akraness hefur fellt úr gildi algjört bann sem sett var fyrir ári við yfirvinnu starfsmanna Akraneskaupstaðar. Það er þó áréttað við forstöðumenn stofnana og ábyrgðarmenn deilda að fara eftir samþykktum fjárhagsáætlunar um heimildir til yfirvinnu.


Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift



Við öflum fyrir þig

10,3%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 31.05.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

# Verkefnin eiga heima hjá Skýrr

***Skýrr býður upp á lausnir fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum:***

***Kvosin***

Kassakerfi og bókhald Kvosarinnar er keyrt örugglega áfram af Dynamics NAV fjárhagskerfi sem er hýst hjá Skýrr.

***Marorka***

Heldur góðu sambandi við viðskiptavini sína á landi og sjó í gegnum miðlægt símkerfi Skýrr.

***Sveitarfélagið Vogar***

Öll starfsemi sveitarfélagsins, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða íþróttamiðstöðina, stólar á tölvukerfi hjá Skýrr.

***Fræðslumiðstöð atvinnulífsins***

MS Exchange tölvupóstþjónusta frá Skýrr sér til þess að öll tölvupóstsamskipti Fræðslumiðstöðvar atvinnulífisins séu skilvirk.



Hjá Skýrr starfa 350 sérfræðingar sem sjá um að hýsa, reka og þjónusta tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.

Þau fyrirtæki sem hafa flutt tölvukerfin til Skýrr hafa minnkað umstang, aukið öryggi og dregið verulega úr kostnaði.

**Kannaðu hvort það borgi sig ekki að flytja tölvukerfið til Skýrr.**

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver er framkvæmdastjóri Hvals hf.?*

2 *Hver er markahæsti leikmaður HM í augnablikinu með fimm mörk?*

3 *Í hvaða sæti lenti íslenska landsliðið í bridds á Evrópumótinu sem er nýlokið?*

SVÖR Á SÍÐU 22

Túlkun á kjörum mótmælt:

## Bæjarstjóralaun eru 850 þúsund

**HVERAGERÐI** „Starf bæjarstjóra er gríðarlega umfangsmikið og undarlegt að minnihlutinn skuli sjá ofsjónum yfir því að það séu greidd þokkaleg laun fyrir það,“ segir Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður bæjarráðs Hveragerðis, sem kveður umræðu minnihlutans í bæjarstjórn um laun bæjarstjórans vera villandi.



GUÐMUNDUR ÞÓR GUÐJÓNSSON

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær segir minnihlutinn að bæjarstjórinn njóti launa og hlunninda sem nemi 1.050.000 krónum á mánuði. „Hið rétta er að mánaðarlaun með yfirvinnu eru um 850.000 krónur,“ segir Guðmundur sem kveður kostnað bæjarins hafa lækkað því nú aki bæjarstjórinn um á eigin bíl en ekki bíl á vegum bæjarins. - gar

**BRETLAND**

### Drottning í New York

Elísabet II. Bretadrottning ætlar að heimsækja Ground Zero í New York í dag. Ground Zero er nafnið á svæðinu þar sem Tvíburaturnarnir stóðu fyrir hryðjuverkin 2001. Drottning ávarpar allsherjarþing SÞ í dag.


**Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LSS), kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsettar 6. júlí 2010 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt þeim gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 7. júlí 2010 er 365.000.000 kr., heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 20.572.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

Reykjavík, 6. júlí 2010.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.


**FRÉTTASKÝRING: RAMMAÁÆTLUN UM NÝTINGU VATNSAFLS OG JARÐVARMA**

# Leikreglunum breytt eftir á?

**Breyting á frumvarpi iðnaðarráðherra um nýtingu vatnsafls og jarðvarma vekur spurningar um hvort stór svæði hafi verið útilokuð með tilliti til framtíðarorkunýtingar. Samkvæmt frumvarpinu mun verndar- og nýtingaráætlun ekki ná til svæða sem njóta nú þegar friðlýsingar nema það sé þegar heimilt samkvæmt skilmálum friðlýsingar viðkomandi svæðis.**



**FRÁ LANDMANNALAUGUM** Svæðið er ein vinsælasta náttúruperla hálendisins og er innan Torfajökulssvæðisins eins og það er skilgreint. Engar líkur er á að virkjun rísi hér en Orkustofnun hefur hins vegar skilgreint sjö orkunýtingarkosti á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur verið í vinnslu síðan árið 1999. Hún er þrískipt og var fyrsti áfangi hennar unninn á árunum 1999 til 2003 og laut fyrst og síðast að nýtingu. Vinnu við 2. áfanga lauk á vormánuðum en þar var horft til nýtingar og verndunar. Þar er horft til allra þeirra virkjunarkosta sem skoðaðir voru í 1. áfanga en mörgum jafnframt bætt við. Alls voru 40 vatnsaflskostir teknir fyrir og 44 kostir til nýtingar á um tuttugu jarðhitasvæðum.

Markmið rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða er að skapa sátt um þetta mikla deilumál. Fyrirtækin sem vilja virkja lögðu fram til verkefnisstjórnarinnar á sínum tíma lista yfir fjölmarga orkunýtingarkosti. Hefur því verið haldið fram að þar hafi hugmyndin verið að því fleiri sem virkjunarkostir yrðu myndu líkurnar aukast á því að fá sem flesta. Náttúruverndarsinnar hafa á hinn bóginn haldið því fram að vinnan hefði fyrst átt að snúast um að útiloka svæði sem allir eru sammála um að skuli verndað. Það hafði ekki verið gert og á þeim langa tíma sem áætlunin hafi verið í vinnslu hafi ýmsir virkjunarkostir verið teknir fyrir sviga í stað þess að bíða endanlegrar niðurstöðu við gerð áætlunarinnar.

**Lög í smíðum**

Samhliða vinnu fjölmargra faghópa sem koma að gerð rammaáætlunar innar liggur fyrir frumvarp iðnaðarráðherra um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Frumvarpið var kynnt í ríkisstjórn í desember 2009 en lagt fram í þinginu 16. júní síðastliðinn. Þá var því vísað til 2. umræðu og til meðferðar í iðnaðarnefnd án þess að nokkur tæki til máls nema frummælandinn Össur Skarphéðinsson, sem hljóp í skarðið í fjarvistum Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja það sæta nokkrum tíðindum í ljósi þeirra deilna sem hafa löngum verið um málaflokkinn. Er spurt hvort það hafi skipt máli að Össur mælti fyrir frumvarpinu á sjötta tímanum um morguninn. Eins og kunnugt er var mikill annatími hjá þingmönnum enda mörg mál til afgreiðslu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en um opinbert leyndarmál er í raun að ræða, tók svo langan tíma að afgreiða frumvarpið út úr þingflokkum stjórnarflokkanna vegna tregðu Vinstri grænna.

Ein veruleg breyting var gerð á frumvarpinu frá því að það var kynnt í ríkisstjórn þangað til að mælt var fyrir því á þinginu. Í 3. grein frumvarpsins, sem ber yfirskriftina Verndar- og nýtingaráætlun, bættist við eftirfarandi texti. „Verndar- og nýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins setti þingflokkur Vinstri grænna það sem skilyrði að þessum texta yrði bætt við 3. grein frumvarpsins. Að öðrum kosti yrði það ekki afgreitt. Þetta virðist í fljótu bragði þýða að verndar- og nýtingaráætlun nái ekki til þeirra svæða sem hafa einhvern tíma verið friðlýst, nema, að það hafi verið tekið fram í friðlýsingarskilmálum á sínum tíma að hægt sé að fá undanþágu vegna orkunýtingar. Athugasemdir við frumvarpið bæta litlu við: „Hins vegar er verkefnisstjórn heimilt að fjalla um virkjunarkosti og landsvæði innan friðlýstra svæða til samanburðar við aðra kosti,“ segir þar.

**Ólík sjónarmið**

Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, segir að rammaáætlunin sé gríðarlega mikilvægt mál. Verkefnisstjórnin hafi unnið mikið og gott starf og vonir standi til þess að vinnan skili sér í sátt á milli ólíkra sjónarmiða.

Samorka hefur frumvarpið til skoðunar og mun skila athugasemdum sínum fljótlega. „Við munum gera athugasemd við þessa viðbót enda er verið að breyta leikreglum eftir á, að okkar mati. Verkefnisstjórnin er búin að vinna út frá öðrum forsendum misserum saman. Nú er fjöldi svæða ekki lengur með og vart annað að sjá en þetta lýsi vantrausti á vinnu verkefnisstjórnarinnar.“

Gústaf segir það vandamál að í stjórnkerfinu skorti yfirsýn yfir hvað þessi breyting hafi í för með sér. Hvaða svæði detti út úr rammaáætlun og hver ekki. „Það er mjög sérstakt ef alþingismenn eiga að samþykkja frumvarp sem þeir vita ekki hvað stendur fyrir. Sem dæmi má nefna Torfajökulssvæðið. Þetta kann að hafa þau áhrif að allt Torfajökulssvæðið standi utan rammaáætlunarinnar. Þá erum við að tala um einn þriðja af öllum nýtanlegum jarðhita sem eftir er í landinu að mati Orkustofnunar.“

Annað dæmi til samanburðar er Reykjanesfólksvangur þar sem það er tekið fram í friðlýsingarskilmálum að hægt sé að fá undanþágu vegna framkvæmda, til dæmis í Krýsuvík. „Svo er það að svæði fer hvorki í nýtingarflokk né verndarflokk heldur stendur fyrir utan.“

Í dag hefur ekkert orkufyrirtæki áform um að nýta Torfajökulssvæðið en verkefnastjórn Rammaáætlunar hefur skilgreint sjö orkukosti á svæðinu.

**Stjórnmálin**

„Þarna erum við að koma til móts við aðila sem töldu þetta betra fyrirkomulag, þó að ég sé annarrar skoðunar,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra. „Ég tel að friðuðu svæðin hefðu sterkari verndunarrétt ef þeim yrði skipað í verndunarflokkinn. Við vorum að mæta áhyggjum um að friðlýst svæði yrðu sett inn í nýtingarflokk. Þetta breytir ekki miklu þannig séð, nema að þessi svæði fara ekki í verndarflokkinn og færri svæði flokkuð sem slík fyrir vikið.“

Katrín segir að iðnaðarnefnd muni skoða þetta atriði vel, enda sé um álitaefni að ræða. Hún segir að hins vegar séu friðlýsingarskilmálar mismunandi á milli svæða. „Friðlýsingar samkvæmt náttúruverndarlögum eru eitthvað sem þarf að skoða, að mínu mati. Það þarf að styrkja stöðu svæðanna sem friðlýst svæði. Það er síðan mín skoðun að sé svæði komið í verndarflokk þá séu þau orðin nokkuð örugg fyrir því að verða nýtt.“

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir málið snúast um það að friðlýst svæði, og þau sem þegar eru innan þjóðgarða, séu ekki til álita við rammaáætlun. „Það er það sem þessi klásúla segir. Við eigum áratuga sögu friðlýsinga og uppbyggingu þjóðgarða. Þetta snýst um að þessi svæði séu ekki á byrjunarreit gagnvart þessari vinnu. Nýtingarsýnin hefur yfirskyggt aðra sýn á landnotkun á Íslandi. Við verðum að hafa hugfast að þessi lög sem hér um ræðir verða ekki sett yfir önnur lög um náttúruvernd.“

Spurð um hvort textabreyting 3. greinar hafi verið skilyrði Vinstri grænna segir Svandís að málið hafi ekki verið á því stigi að „menn væru að setja hvor öðrum skilyrði. Það eru náttúruverndarsinnar í báðum flokkum. Hins var alltaf ljóst að töluverð vinna var eftir til að stilla þessi sjónarmið saman áður en frumvarpið næði að fara í gegnum báða þingflokka. Niðurstaðan var þannig að við gátum öll vel unað.“

### Stiklað á stóru um rammaáætlun

■ Áætluninni er skipt í þrjá áfanga og var unnið að þeim fyrsta árin 1999 til 2003. Þar voru 43 virkjanakostir flokkaðir niður, en yfirskrift fyrsta áfanga er nýting. Þar var tekin afstaða til þess hve mikla orku hver virkjun gæti gefið af sér og þeim raðað þannig upp. Umfjöllunin snerist einkum um vatnsaflsvirkjanir í jökulám á hálendinu og jarðhitavirkjanir nærri byggð. Þar að auki var Torfajökulssvæðið tekið með.

■ Í fyrsta áfanganum voru flestir stærstu virkjanakostirnir sem völ var á. Í öðrum áfanga var rýnt enn frekar í kostina, gögn og mat endurbætt og nýjar virkjanahugmyndir einnig kannaðar. Ætlunin var að fá heildstætt yfirlit yfir möguleika til orkuöflunar. Yfirskrift annars áfanga er vernd og nýting.

■ Annar áfangi tekur þannig til allra þeirra kosta sem skoðaðir voru í fyrsta áfanga og mun fleiri. Alls eru 40 vatnsaflskostir teknir fyrir og 44 jarðvarmakostir á um tuttugu háhitasvæðum. Það eru um helmingi fleiri jarðvarmakostir en skoðaðir voru í fyrsta áfanga.

■ Áætluð orkugeta allra vatnsaflskostanna er 17.500 gígavattstundir á ári og jarðvarmakostanna um 30.000 gígavattstundir á ári. Samkvæmt mati Orkustofnunar er orkugeta þekktra háhitasvæða talin 4.000 gígavattstundum meiri en það.




**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindastóll**
**79.900**
Nokkrir litir

**Lyftu hægindastóll**
**129.900**

Ný sending

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL/FREYJA**
Góð rúm á frábæru verði

Ný sending



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta 149.900**
**Svefnsófi 149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




**Svefn & heilsa** ★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**ÞJÓÐHÁTÍÐ FAGNAÐ** Bandaríkjamenn héldu upp á þjóðhátíðardaginn 4. júlí á sunnudag í 234. sinn. Glæsileg flugeldasýning var haldin í Washington og lýsti upp helstu kennileiti borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppboð á Nýja-Sjálandi:

## Seldu lokk úr hári Napóleons

**NÝJA-SJÁLAND** Lokkur úr hári Napóleons Bónaparte seldist á uppboði í Nýja-Sjálandi á dögunum. Lokkurinn seldist fyrir 13 þúsund dollara. Ekki var gefið upp hver keypti hann.



**NAPÓLEON BÓNAPARTE**

Hárlokkurinn var klipptur úr hári Napóleons eftir að hann lést árið 1821 á eyjunni St Helenu. Í heildina voru 40 munir seldir á uppboðinu, en þeir voru í eigu afkomenda Denzils Ibbetson, sem var lögreglumaður á eyjunni þegar Napóleon dó.

Meðal munanna voru dagbók Ibbetsons með rituðum samtölum við Napóleon og teiknuð mynd eftir Ibbetson af Napóleon á dánarbeðinum. - þeb

# Pústrar í vaxtamótmælum

**Um 450 manns söfnuðust saman við Seðlabankann í hádeginu í gær til að mótmæla tilmælum FME og Seðlabankans um uppgjör gengistryggðra lána. Einn ók ítrekað á hurð bankans og annar var handtekinn.**

**MÓTMÆLI** Hundruð manna söfnuðust saman við Seðlabankann í hádeginu í gær til að mótmæla tilmælum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins sem komu í kjölfar dóms Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána.

Mótmælin fóru friðsamlega fram fyrst um sinn eða þar til nokkrir mótmælendur gerðu sig líklega til að fara inn í húsið. Þá stilltu lögreglumenn sér upp við innganginn og ýttu þeim mótmælendum í burtu sem neituðu að víkja. Einn mótmælandi keyrði vélhjól ítrekað á hurð hússins en tókst ekki að brjóta hana niður, annar var handtekinn.

„Ég er hér til að mótmæla þessum fáránlegu vaxtabreytingum sem ríkisstjórnin og yfirvöld virðast ætla að samþykkja,“ sagði Árni Guðmundsson mótmælandi, og bætti því við að hann vildi sjá skjaldborg um heimilin en ekki fjármagnseigendur.

„Hæstiréttur hefur talað, það er okkar æðsta dómsvald og það er ekki farið eftir því. Í staðinn brjóta þeir lögin í landinu, Íslendingar eiga að standa upp þegar það gerist,“ sagði Heiða Liljudóttir, annar mótmælandi.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að mótmæli sem þessi raski ekki ró lögreglunnar. „Við bregðumst bara við þessu eins og við höfum alltaf gert.“

Fréttablaðið sóttist eftir viðbrögðum frá yfirstjórn Seðlabankans við mótmælunum og fékk það svar að bankinn fylgdist með umræðum og rökum í þessu máli en minnti á það sem þegar hefði komið fram um tilurð tilmælanna sem ætlað væri að slá á tímabundna óvissu.

magnusl@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**BURT MEÐ AGS** Sumir mótmælendurnir voru ekki par hrifnir af afskiptum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins af íslenskum efnahagsmálum og létu þá skoðun sína í ljós á harðorðum skiltum.



**BLÁSIÐ Í HERLÚÐUR** Lögregla stóð vörð um bankann og reyndi að forða því að mótmælendur berðu hann utan.



**HANDTEKINN** Einn mótmælandi var handtekinn eftir átök við lögreglu. Hann var færður burt í járnum.

ENNEMM / SÍA / NM42850



Ný stjórn Strætós bs:

# Guðrún Ágústa nýr formaður

**SAMGÖNGUMÁL** Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi VG í Hafnarfirði, er formaður nýrrar stjórnar Strætós bs, sem hittist á fyrsta fundi sínum í gær.

Aðrir í stjórninni eru Einar Örn Benediktsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, Kjartan Örn Sigurðsson frá Álftanesi, Stefán Snær Konráðsson frá Garðabæ, Hjálmar Hjálmarsson frá Kópavogi, Hafsteinn Pálsson frá Mosfellsbæ og Sigrún Edda Jónsdóttir frá Seltjarnarnesbæ. Nýja stjórnin mun sitja næstu tvö ár. - pg

75 þúsund sóttu Hróarskelduhátíðina sem fór að flestu leyti vel fram að sögn lögreglu:

# Hundrað handteknir á Hróarskeldu

**DANMÖRK** Hróarskelduhátíðin þykir hafa farið friðsamlega fram í ár þrátt fyrir að lögregla hafi handtekið tvöfalt fleiri en í fyrra.

Alls 97 manns voru handteknir á hátíðinni sem lauk á sunnudagskvöldið. Það er um fimmtíu fleiri en handteknir voru á hátíðinni í fyrra. Að sögn lögreglu er það þó vegna aukins eftirlits með þjófnaði og fólki sem svindli sér inn á hátíðina. Flestar handtökurnar voru vegna slíkra mála, en eingöngu tvær handtökur voru vegna alvarlegra mála. Annars vegar var um að ræða tilraun til nauðgunar og hins vegar slagsmál tveggja manna sem enduðu með því að annar þeirra hlaut grunnt stungusár.

Að sögn lögreglu var talsvert minna um hörð fíkniefni nú en undanfarin ár. Svipað magn af maríjúana hafi verið haldlagt en mun minna af kókaíni, E-töflum og LSD.

Alls 71 þúsund miðar seldust á hátíðina auk þess sem fjögur þúsund miðar seldust á stök kvöld. Langflestir gestanna, eða um 70 þúsund, gistu á tjaldsvæði hátíðarinnar. - þeb



**Á HÁTÍÐINNI** Í kringum 75 þúsund manns skemmtu sér á hátíðinni um helgina þegar mest var. NORDICPHOTOS/AFP

Borgarstjórn breytir framkvæmdaáætlun:

# Setja hálfan milljarð til átaksverkefna

**STJÓRNMÁL** Borgarráð samþykkti í gær tillögu nýs meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur að gerðar verði breytingar á framkvæmdaáætlun borgarinnar. Breytingarnar fela í sér að 500 milljónum króna verði varið í ýmsar mannaflsfrekar framkvæmdir í borginni. Framkvæmda- og eignasvið borgarinnar telur að allt að 150 manns geti fengið vinnu til áramóta við þessi verkefni.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir breytingarnar til marks um þá miklu áherslu sem nýi meirihlutinn vill leggja á atvinnumál, að því er segir í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg. „Það er mikilvægt að sem flestir fái störf fyrir þá fjármuni sem Reykjavíkurborg setur í framkvæmdir og það erum við að tryggja. Við vonum að einstaklingar og fyrirtæki sem hafa svigrúm taki þátt í þessu með okkur og ráðist í tímabært viðhald af krafti. Það hefur aldrei verið betri tími til þess en einmitt núna,“ segir Dagur.

Peningunum sem setja á í verkefnin hefði annars verið varið til uppkaupa á eignum í tengslum við skipulagsbreytingar. Peningarnir bætast við framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem þegar voru á áætlun auk 150 milljóna króna sem ætlaðar eru til sérstaks atvinnuátaks. Alls verður framkvæmt á vegum Reykjavíkurborgar fyrir 6,5 milljarða á þessu ári.

Meðal verkefna sem ráðist verður í má nefna endurgerð göngu- og hjólaleiða og viðhald á húsum í eigu borgarinnar svo sem á grunnskólum og leikskólum. - mþl







# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kvartanir um fjárskort á ferðamannastöðum eru árvissar. Það má leysa með gjaldtöku.

## Eftir hverju er að bíða?

Einn fylgifiskur sumarsins og ferðamannavertíðarinnar eru árvissar fréttir um að nú séu ekki til nógir peningar til að tryggja landvörzlu við hina eða þessa náttúruperluna. Engir peningar séu heldur til fyrir stígagerð eða skiltum. Ferðamenn troði niður viðkvæman gróður, fari sjálfum sér að voða og svo framvegis.

Frétt af þessu tagi var í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi. Engin varzla er á hverasvæðinu í Námaskarði þótt full þörf sé á því. Bullandi heitir hverirnir eru hættulegir ferðamönnum. Fulltrúi landeigenda segir að nú sé bara tvennt að gera: loka svæðinu eða rukka ferðamenn um aðgangseyri, sem sé skárri kosturinn.

Einhverra hluta vegna fer allt á annan endann á Íslandi ef nefnt er að taka gjald af ferðamönnum, sem skoða náttúruperlur landsins. Ferðaþjónustan rís upp á afturlappirnar og segir að það myndi fæla útlenda ferðamenn frá landinu. Og svo halda einhverjir því fram að það sé meiriháttar hneyksli að rukka Íslendinga um aðgang að náttúruperlum í almannaeigu. Vegna þess að þær séu þjóðareign, eigi að vera ókeypis að skoða þær.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Mikið er bogið við þessa röksemdafærslu. Þeir, sem hafa ferðazt til útlanda, vita að þar er alsiða að innheimta aðgangseyri að ferðamannastöðum, hvort sem það eru gamlar kóngshallir, þjóðgarðar eða náttúruminjar. Tekjurnar eru svo notaðar til viðhalds og til að tryggja aðgang almennings.

Svo dæmi séu tekin, kostar tólf evrur að skoða Akrópólishæð í Aþenu (um 1.900 krónur) og 15,50 evrur að skoða Kólosseum-hringleikahúsið í Róm. Aðgangseyrir að Yellowstone-þjóðgarðinum í Bandaríkjunum er 25 dollarar fyrir fjölskyldu á einkabíl og það kostar 33 dollara (4.100 krónur) fyrir fullorðna að skoða Níagara-fossana á landamærum Bandaríkjanna og Kanada. Tilboðsverð á miða, sem gildir bæði í Amalíuborgarhöll og Rósenborgarhöll í Kaupmannahöfn, er 100 danskar krónur (2.100 íslenzkar).

Gjöld af þessu tagi fæla enga ferðamenn frá löndunum, sem um ræðir. Gjaldtaka fyrir aðgang að þjóðareign er heldur ekkert einsdæmi. Til dæmis borgar fullorðið fólk 1.000 krónur fyrir að skoða Þjóðminjasafnið. Af hverju ætti eitthvað annað að gilda um náttúrugersemar undir beru lofti en sögulegar gersemar undir þaki?

Fyrir nokkrum árum voru leiðsögumenn grátbólgnir yfir því að fjárveitingar Umhverfisstofnunar hrykkju bara fyrir því að ráða hálfan landvörð á Gullfossi og annan helming á Geysi, tvo mánuði á ári. Þá var reiknað út að væru ferðamenn sem heimsækja þessa tvo staði rukkaðir um 200 krónur hver, ætti stofnunin fyrir launum 40 landvarða.

Staðreyndin er sú, að ferðamenn kippa sér ekki upp við að þurfa að greiða fáeinar evrur fyrir aðgang að eftirsóknarverðum stöðum. Íslendingar ekki heldur, enda myndu væntanlega svipaðar reglur gilda um afslátt fyrir börn, námsmenn, aldraða og öryrkja og í Þjóðminjasafninu og öðrum opinberum söfnum. Þeir myndu borga, sem hafa efni á því.

Og eftir hverju er þá að bíða?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þáverandi formaðurinn

Ögmundur Jónasson ritaði grein um ólöglegu gengistrygginguna í DV í gær. Ögmundur telur að að því leyti sem stjórnvöld geta komið að málum eigi að leita lausna með lögum, í stað þess að leysa deilumál í dómsölum. Ögmundur nefnir að þannig hefðu stjórnvöld getað numið vísitölutengingu lána tímabundið úr gildi óðaverðbólgumánuðina í kjölfar hrunsins. „Það lagði þáverandi formaður BSRB til á fundi með þáverandi oddvitum ríkisstjórnar í október 2008,“ skrifar Ögmundur og ljóst að honum þykir þessi þáverandi formaður BSRB hafa verið vaskur maður og mikilhæfur.



### Hörður veikur

Hörður Torfason, söngvaskáld og prímusmótor í búsáhaldabyltingunni, segir í samtali við Pressuna að mótmælin hafi tekið sinn toll af honum og hann orðið hreinlega veikur. „Þetta var ofboðslegt álag, bæði líkamlegt og andlegt,“ segir Hörður. „Ég var lengi að jafna mig eftir þennan tíma.“ Hörður náði sér hins vegar á strik og er kominn í mótmælaham.

### Herði batnað

Geir H. Haarde hætti á þingi í miðri búsáhaldabyltingu vegna veikinda. Frægt varð þegar Hörður Torfason átaldi Geir fyrir að greina frá veikindum sínum. Þau væru einkamál sem kæmu þjóðinni ekkert við. Hörður taldi að Geir væri greinilega að reyna að drepa málum á dreif. Afstaða Harðar til þessara mála hefur greinilega breyst eftir að hann veiktist sjálfur. Batnandi mönnum er best að lifa.



bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hvað varð um vestræna samvinnu?

Evrópumál

Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Á kaldastríðsárunum bar vestræn samvinna, sem byggði á grunngildum lýðræðis, mannréttinda og friðar, sigurorð af alræðisstjórnum í Mið- og Austur-Evrópu. Samvinna lýðræðisríkja innan NATO og ESB lagði grunninn að þessum sigri. Samvinna Evrópuþjóða innan Evrópusambandsins hefur í dag tekið við því hlutverki sem vestræn samvinna gegndi svo giftusamlega í um hálfa öld. Samvinna þjóða innan ESB byggir á grunngildum lýðræðis, mannréttinda, markaðshagkerfis og réttláts ríkisvalds.

Þjóðir Evrópu hafa ákveðið að ESB gegni lykilhlutverki í að tryggja öryggi borgaranna með friðsamlegri samvinnu sín á milli án hernaðaruppbyggingar. Þannig hefur það orðið hlutskipti ESB að vera helsti vettvangur samvinnu Evrópuþjóða gegn ógnum samtímans eins og hryðjuverkum og umhverfisvá. Þjóðir Evrópu hafa einnig orðið ásáttar um að ESB stuðli að jöfnuði og réttlæti samhliða skilvirku markaðshagkerfi.

Markmið uppbyggingarstefnu ESB er að stuðla að bættum kjörum allra íbúa sambandsins – hvar sem þeir eru í sveit settir. Öryggishlutverk NATO er takmarkað við að draga úr ógn við ytri landamæri Evrópu eins og í Afganistan. Meginmarkmið samvinnu þjóða innan Evrópusambandsins er að stuðla að pólitísku, efnahagslegu og félagslegu öryggi íbúa sambandsins. NATO hefur fyrir margt löngu stigið til hliðar og afhent ESB þetta hlutverk. Vestræn samvinna heitir í dag Evrópusamvinna.

> Samvinna Evrópuþjóða innan Evrópusambandsins hefur í dag tekið við því hlutverki sem vestræn samvinna gegndi svo giftusamlega í um hálfa öld. Samvinna þjóða innan ESB byggir á grunngildum lýðræðis, mannréttinda, markaðshagkerfis og réttláts ríkisvalds.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**MARÍULAX** er heiti notað yfir fyrsta laxinn sem veiðimaður fær í veiðiferð, líklegast dregið af orðinu maríufiskur sem er fyrsti fiskur sem veiðimaður veiðir á ævinni.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar sem auðvelda þér að setjast og standa upp

*Fjölbreytt úrval*



**Opið virka daga frá kl. 9 -18**
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum




Model 101 - stærð: 210x160
Takmarkað magn -5 mismunandi ákláði

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is



Linda Líf Margrétardóttir á og rekur snyrti- og fótaaðgerðastofuna Líf. Eftir 30 ár í þeim geira hefur hún áhuga á að snúa sér að náttúrulækningum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Augun eru kort líkamans

**Fyrsti árgangur nemenda útskrifaðist úr Heilsumeistaraskólanum í síðustu viku. Linda Líf Margrétardóttir, fótaaðgerða- og snyrtifræðingur, var meðal útskriftarnema en hún ætlar að leggja náttúrulækningar fyrir sig.**

„Þetta er alveg frábær tilfinning, þrjú yndisleg ár sem eru að baki," segir Linda Líf Margrétardóttir, sem útskrifaðist úr námi í heildrænum náttúrulækningum við Heilsumeistaraskólann í síðustu viku.

Linda var í hópi fyrstu nemenda sem útskrifast frá Heilsumeistaraskólanum, en hann var stofnaður árið 2007 af þeim Lilju Oddsdóttur lithimnufræðingi og Anne Birgitte Lassen, þerapista og lífsþjálfara, með aðstoð dr. Farida Sharan, stofnanda School of Natural Medicine. Í Heilsumeistaraskólanum er áhersla lögð á náttúrulækningar og segir Linda áhugann á þeim hafa orðið til þess að hún skráði sig í nám.

„Ég hef alltaf verið áhugasöm um þessi fræði, þannig að þegar ég frétti síðan af þessu námi í gegnum vinkonu mína ákvað ég bara að láta slag standa," segir Linda sem hóf nám við skólann á stofnárinu og hefur lært þar ýmislegt sem viðkemur náttúrulækningum, svo sem um blómadropa, kjarnaolíur, alþýðu-grasalækningar, sjálfsrækt og augnfræði, en það síðastnefnda kom að hennar sögn nokkuð á óvart.

„Mér fannst bara svolítið skrítið að uppgötva að augun væri hægt að lesa eins og kort sem veita innsýn inn í ástand líkamans og líffæra hans. Svona eftir á að hyggja er það í raun bara frekar rökrétt. Fátt annað kom mér sérstaklega á óvart í náminu; þetta var allt bara svo eðlilegt fyrir mér," segir Linda og getur þess að henni virðist sem Íslendingar séu almennt nokkuð opnir fyrir náttúrulækningum. „Það er kannski helst að einhverjir en langt í frá allir innan læknastéttarinnar eigi erfiðara með að kyngja þessu."

Spurð hvað taki svo við eftir útskrift, segist Linda vera að skoða sín mál. „Draumurinn er að fara út í náttúrulækningar eftir 30 ára starf í fótaaðgerðum og snyrtifræði. Ég er þegar farin að fá til mín fólk í meðferðir og hef áhuga að snúa mér alfarið að náttúrulækningum, þótt það sé alveg inni í myndinni að blanda þessu tvennu saman."

*roald@frettabladid.is*



friendtex

ÚTSALA

Enn meiri verðlækkun

Opið mánud. – föstud. frá kl 11 – 18
Lokað á laugardögum

50% 40%

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

KRINGÓMA

SURROUND

Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.




HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Frí ráðgjöf í maí
Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

**VEIÐI**, umfjöllun um ár og vötn, lög, sögur, spjallsvæði, fréttir, myndir og margt fleira er að finna á Veiðivefnum, undir slóðinni www.veidi.is.




Veiðikortið 2010

Veiddu í 32 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins

6.000 kr.

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti




Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðibúðum, www.veidikortid.is og víðar!
Frí heimsending þegar keypt er á www.veidikortid.is




Ferðamenn um borð í Andreu, greinilega ánægðir með fenginn. MYNDIR/HVALALÍF

# Eigin afli bragðast best

**Að finna fyrir fiski á öngli kitlar og kætir. Því er sjóstangveiði vinsæl afþreying. Fyrirtækið Hvalalíf á Akranesi býður upp á hana og í lok sjóferðar gæða menn sér á aflanum sem er grillaður um borð.**

„Þetta eru þriggja tíma túrar og við reynum að byrja veiðarnar sem styst frá landi, bæði svo fólk hafi sem mestan tíma til að veiða og til að njóta skjóls,“ lýsir Hilmar Stefánsson, framkvæmdastjóri Hvalalífs á Akranesi, inntur eftir því hvernig sjóstangveiðiferðirnar gangi fyrir sig. Hann segir oft kastað fyrst úti af Kjalarnesinu enda slóðir í grennd við Viðey oft gjöfular. Einnig sé stundum farið upp í Hvalfjörð. En hvaða tegundir koma helst á stöngina?“

„Við stílum inn á að finna þorsk og steinbít en svo veiðast líka ýsa, lýsa og langa,“ lýsir Hilmar og segir skemmtilegt að landa steinbít því hann sé svo fjörugur. En er fólk yfirleitt vant veiðum þegar það kemur eða lærir það handtökin um borð? „Hér mæta reyndir fiskimenn, byrjendur og allt þar á milli. Það geta allir veitt,“ fullyrðir Hilmar og segir skipstjórann eða annað starfsfólk um borð kenna fólki hvernig það eigi að bera sig að og hjálpa því að taka fiskinn af önglunum og með þarf. Einnig að gera að aflanum sem farþegar geti síðan tekið með sér heim. Þó sé hluti hans ávallt grillaður um borð í lok veiðiferðar. „Fólk er afar ánægt með að enda ferðina á grillveislu og við erum með meðlæti með okkur,“ segir Hilmar og telur sjaldan verða vart við sjóveiki um borð. „Það er yfirleitt svo mikið rólegheitaveður yfir sumarmánuðina og svo erum við allt að því innan hafnar,“ segir hann.



„Hér mæta reyndir fiskimenn, byrjendur og allt þar á milli. Það geta allir veitt,“ segir Hilmar hjá Hvalalífi.

Andrea heitir báturinn sem róið er á og leyfi er fyrir 25 stöngum um borð. Lagt er í veiðiferðirnar frá Akranesbryggju klukkan fimm alla daga frá 1. júní út ágúst ef einhver mætir en stundum verður „messufall“, að sögn Hilmars.

Andrea er stálbátur sem tekur 50 manns og er með góða inniaðstöðu. Að sögn Hilmars er hún stærsta hvalaskoðunarskip landsins enda eru yfirleitt farnar þrjár hvalaskoðunarferðir á henni á dag og stoppað við Lundey til að líta á íbúa hennar í leiðinni. Um miðjan þennan mánuð verður byrjað með kvöldsiglingar. „Þá byrjum við á að borða góðan mat þegar við leggjum frá bryggju, siglum út í Lundey og svo veiðum við líka,“ lýsir hann. „Það verður matur, lundi og fiskur.“

*gun@frettabladid.is*



Vera Rut Ragnardóttir heitir þessi veiðikona sem horfir glaðbeitt framan í steinbítinn.



Breskur ferðamaður sem krækti sér í myndarlegan þorsk.

## Himnarnir opnuðust

VEIÐIMENN FAGNA RIGNINGU.

Á vefsíðu Stangaveiðifélags Reykjavíkur má upplifa fögnuð veiðimanna yfir regni helgarinnar.

Þar er sagt að himnarnir hafi loks opnast og leita þurfi aftur til ársins 2005 til að finna viðlíka úrkomu í júlímánuði.

Við þetta úrhelli sexfaldaðist Norðurá í vatni og var eins og Þjórsá á að líta, en miðað við þessa vatnsviðbót er áin talin eiga í það minnsta tvær vikur í góðu vatni, sem er mikill viðsnúningur frá fyrri sumrum. *- þlg*



Norðurá er vatnslítil á þessari mynd.


Geggjuð tilboð á veiðivörum í sumar



Daiwa kaststangir 50% afsl
Daiwa einhendur 50% afsl
Daiwa rennslisstangir 30% afsl
Daiwa Tvíhendur 30% afsl
Daiwa Spinnhjól 50% afsl
Daiwa fluguhjól 30% afsl
Daiwa veiðitöskur 30% afsl
Frábær tilboð á Guideline veiðivörum

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Flugfélag Íslands býður upp á veiðiferðir til Grænlands.

# Góð veiðivon í grænlenskum ám

**Flugfélag Íslands er með tvær spennandi ferðir á döfinni fyrir veiðimenn með ævintýraþrá.**

Sú fyrri verður farin 20. til 23. ágúst í stangveiði til Nuuk á Grænlandi, þar sem gist verður þrjár nætur, frá föstudegi til mánudags.

Flogið er til Nuuk frá Reykjavíkurflugvelli og bærinn skoðaður fyrsta daginn. Gist er á Hótel Hans Egede, sem er fínt hótel í miðbæ Nuuk. Þangað sækja leiðsögumenn farþega á hverjum morgni og skutla niður á bryggju þar sem farið verður um borð í bát og siglt að veiðistöðum. Farið er á mismunandi veiðistaði þá tvo daga sem veitt er.

Í haust verður svo farið á hreindýraveiðar til Nuuk, nánar tiltekið 3. til 6. september og gist síðustu nóttina á Hótel Hans Egede, en annars í tjöldum sem leiðsögumenn í Nuuk sjá alfarið um.

Allur búnaður er til staðar, fyrir utan þann búnað sem þarf til veiðanna.

Pálmi Gunnarsson er leiðsögumaður og ráðgjafi í báðum ferðunum. Hann veitir nánari upplýsingar um veiðistaðina ef óskað er á netfanginu tiffs@tiffs.is og í síma 897 2170.

*- þlg*

# Vargur við vötn og ár

**Þeir sem standa við vötn og ár eru í hættu vegna árása bitmýs.**

Á Íslandi eru til fjórar tegundir bitmýs, en aðeins ein þeirra sýgur blóð úr mönnum. Mestan hluta lífsferilsins eyðir bitmý sem lirfa á botni straumvatna. Því er mergð bitmýs jafnan mest þar sem mest magn lífrænna agna flýtur um, eins og við útfall frjósamra stöðuvatna.

Einungis kvenflugurnar bíta og það gera þær eftir að hafa verpt í fyrsta skipti.

Á Íslandi flýgur bitvargur í maí og júní, en ef mikið er af lífrænu reki sem lirfur geta nýtt sér flýgur önnur kynslóð í júlí til september og hugsanlega eru þrjár kynslóðir bitmýs í sumum ám á Suðvesturlandi.

Mýflugur fara ekki í manngreiningarálit þegar þær bíta, heldur er það ónæmissvörun okkar eftir að flugan hefur lokið sér af sem greinir menn í sundur.

*Heimild: Vísindavefurinn*



Mergð bitmýs er jafnan mest við útfall frjósamra stöðuvatna, til dæmis í Elliðaánum.

Norðlingafljót Borgarfirði

**Laxveiði** í einni bestu á landsins!

Meðalveiði: **1.053 laxar** á 5-6 stangir á ári, árin 2006-2009
Verð: **14.000-69.000 kr.** á hv. stangardag
Fyrirkomulag: **2ja daga „holl“** hádegi til hádegis
Leyfilegt agn: **Fluga og maðkur**
Gisting: 2ja manna herbergi með uppábúnum rúmum, **10.000 kr. á sólarhring**
Tímabil: 18. júlí til 30. september

www.nordlingafljot.com
Jóhannes B. Sigmarsson
S: 771 6353, icehunt@simnet.is

;ALLT
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

Á FERÐINNI
Miðvikudaga

Við erum ódýrari
VEIÐIPORTIÐ
Opnunartímar
mán.–fös. kl. 9–18
laugard. kl. 9.00–16.00
Opið á sunnudögum
í júní, júlí og ágúst.

Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940

**Snowbee öndunarvöðlur**
Frábærar öndunarvöðlur með vasa, belti og góðri vöðlutösku.
Aðeins 19.490 kr.
Vasi Belti

**Robinson fluguhjól**
Úr áli með diskabremsu
2.900 kr.

**Joakim's flugulínur**
Það tók 4 ár að fullkomna þessa línu 100% sambærileg helmingi dýrari línum hönnuð fyrir okkar köldu vötn.
Verð aðeins 6.490 kr.

**Rafmagnsmótor**
Hljóðlaus og fisléttur rafmagnsmótor Afl.48 libs. gengur í 4–6 klukkustundir með 110 ampera rafgeymi.
44.950 kr.
NÝ SENDING – TAKMARKAÐ MAGN!

**Maxima taumaefni**
Láttu ekki okra á þér annarstaðar þú færð Maxima í Veiðiportinu á 495 kr.

**99 kr. flugan**
Sérvaldar silungaflugur 10 stk. í poka.
990 kr.
Allar aðrar silungapúpur.
220 kr.

**Advance spinnstangir**
6 - 8 - 9 og 10 fet frá 2.990 kr.

**Frábært kasthjól**
ROBINSON®
4 legur 1 auka spóla.
Aðeins 3.950 kr.

**Finnska Balance lippann**
Tilboð 895 kr.
ATH! Varist lélegar eftirlíkingar sem fást í úthverfum bæjarins og veiða ekki bein.

**MATAREITRANIR** og -sýkingar vegna örvera eru kallaðar einu nafni matarsjúkdómar. Upplýsingar um skaðlegar örverur og matarsjúkdóma má finna á www.mast.is.






















Karl Sigurðsson segir strandblakara fara á völlinn frá miðjum maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Strandblökurum fjölgar

**Strandblak er í gríðarlegri sókn á Íslandi um þessar mundir. Karl Sigurðsson segir fjölda strandblakliða hafa tvöfaldast í sumar borið saman við síðasta sumar. Áform eru um fjölgun strandblakvalla á landinu.**

„Við erum að slá þátttökumet á hverju móti en við höfum haldið á bilinu sjö til tíu mót á sumri,“ segir Karl Sigurðsson, formaður strandblaksnefndar Blaksambands Íslands. Mikill uppgangur er í strandblaki á Íslandi um þessar mundir. „Það má segja að fjöldi liða hafi tvöfaldast í sumar. Við erum að tala um 25 lið sem skrá sig til leiks á hverju móti en í fyrra voru það tólf til fjórtán lið.“

Karl segir að fleiri mæti einnig á strandblakvellina á kvöldin og allir vellir séu fullir öll kvöld. „Það vantar fleiri velli ef eitthvað er. Það eru alltaf fleiri og fleiri að mæta í sandinn og skemmta sér,“ segir Karl og heldur áfram: „Það gerist allt svo seint hérna á höfuðborgarsvæðinu. Ef á að setja upp velli þá þarf það að fara í gegnum nefndir og til dæmis á Fylkissvæðinu er strandblakvöllur búinn að vera í gerjun í þrjú ár. En í Garðinum á Reykjanesi tók það tvær vikur að setja völlinn upp frá því tekin var ákvörðun um það.“

Inntur eftir því hvort fleiri vellir séu í farvatninu segir Karl: „Margir hafa haft samband við mig um það hvernig á að búa til velli. Ef allt fer upp sem verið er að tala um þá verður það á sextán stöðum á landinu,“ segir Karl og bætir við að þá verði hægt að fara í strandblak um allt land. „Þá verða yfir þrjátíu vellir á landinu eftir sumarið.“



„Það mæta alltaf fleiri og fleiri í sandinn og skemmta sér.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Karl segir alla aldurshópa stunda strandblak en að unglingum í kringum tvítugt sé að fjölga mest. Karl rekur auknar vinsældir strandblaks til þess að íþróttin sé ódýr. „Ef fólk er að fækka utanlandsferðum og er að finna sér skemmtun hérna heima þá er strandblak langódýrasta skemmtunin því það þarf ekkert að kaupa dýra hlaupaskó heldur fer fólk bara úr sokkum og skóm og út í sand. Það eina sem þarf er einn bolti.“

Nánari upplýsingar má finna á www.strandblak.is

*martaf@frettabladid.is*






Hlutverk C-vítamíns til viðhalds heilbrigði líkamans er margþætt. Menn, apar og naggrísir eru einu skepnurnar sem ekki geta myndað sitt eigið C-vítamín og verða þess vegna að treysta á að nægilegt magn sé af því í fæðunni.



;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

TÍSKA
Fimmtudaga

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Soriasis, exem, migreni, ristilvandamál -Lyfjalaus meðferð og ráðgjöf, einnig nudd, svæðanudd og augnlestur. - Heilsulind Heiðars Garðabæ, S-898 1501

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguskodun.is**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Good room with balcony for rent in Hafnarfjörður. Bathroom, kitchen and washing machine share with others. S: 823 6465

Til leigu í vesturbæ Kópavogs tveggja herbergja íbúð á jarðhæð sérinngangur laus strax,aðeins reglusamt og reyklaust fólk kemur til greina Uppl. í síma 5540561 eða 8640561

Herb. til leigu í Kóp. Laust strax. V. 30þ. á mán. + 3 mán. fyrirf. S. 868 7283.

2 herb. miðb. Rvk. 60fm. Húsgögn fylgja fyrir reglusam. einstak. eða par. 85 þ. S 895 0482, eftir kl 16.

## Húsnæði óskast

Traustur aðili óskar eftir íbúðarhúsnæði til leigu. Lágmark 3 svefnherb. í Kópavog, Garðabæ eða Fossvogi. Verðhugmynd 130-180 þús, pr mán. Uppl. sendist á: sigurbjorn@sigurtak.is

## Sumarbústaðir



sumarbústaður / vinnuskúr. Þarnast smá alúðar en er mjög heill. Verð aðeins 600.000.- 8240672



**TIL SÖLU NÝTT TJALD FY**
Stærð 3 x 2.70m. Mjög vandað nýtt sýningartjald sem hentar vel t.d. í útileguna, við sumarbústaðinn eða í garðinn. Verð. 55.000.- Uppl. í s. 892-1474

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. Mikið privat. S. 899 5863 www.starplus.is

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting



Félagsheimilið Logaland í Borgarfirði. Eigum örfáar lausar helgar í sumar, tilvalinn staður fyrir ættarmótið, Brúðkaupið eða afmælið. Upplýsingar í síma 696 1544.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Járniðnaðarmenn**
**Afleysingamenn vantar í járnsmíði og viðgerðir. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

Vantar vanan sandsparslara í vinnu í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 772 7748 Árni.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Spjall, myndir og vídeo**
Fjölbreyttir tekjumöguleikar eru nú í boði fyrir kynþokkafullar íslenskar konur á vefsíðunni PurpleRabbit.eu.

Starfsfólk vantar í fast starf í söluturn í Hafnarfirði. Uppl í s. 864 4617

**Loftorka**
Óskar eftir vönum manni á bílkrana til afleysingar. Uppl. í S: 565 0875.

MATURINN

**Maturinn er matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri mötuneyta ásamt því að vera með bakkamat.ásamt því að vera með bakkamat.**
**Okkur vantar aðstoðarfólk í eldhúsið okkar að Funahöfða 7. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax.**
**Áhugasamir hafið samband í síma 567-0385 eða sendið póst á eldhus@maturinn.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Ísskápur á 15þ. Þvottavélar á 20-30þ. Eumenia með þurrkara á 30 þ. Stór amerískur þurrkari á 30þ.Stór amerísk þvottavél á 40þ. Þurrkari á 20þ. Örbylgjuofn á 5þ. Borðuppþvottavél á 20þ. Bílahátalarabox á 5þ. CD á 4þ. Brauðrist á 2þ. Grill á 2þ. Teppi á 5þ. Línuskautar á 2þ.Rúm á 5þ. Stór vaskur á 3þ. Stál bakaraofn á 25þ. Gasgrill á 10þ. Glerborð á 5þ. Barískápur á 10þ. Uppþvottavél á 20þ. Helluborð á 10þ. Frystiskápur á 20þ. S. 896 8568.

Trampólín til sölu. Vel með farið. Uppl í S. 698 8801.

BRETTAREKKAR Í TALSVERÐU MAGNI - GOTT ÁSTAND OG VERÐ. Ca 5M HÆÐ. 8240672

## Gefins

Eldiviður úr trjáfellingu fæst gefins gegn því að vera sóttur. S. 847-7768

## Til bygginga

Fjölbreytt úrval! Krossviður-Gipsplötur- Einangrun-Þakpappi-MDF-Pallettutimbur. www.ulfurinn.is - s: 555 7905.

Til sölu 2x4 setur og undirsláttur efni undir plötur, I-bitar og járnstoðir. S: 663 4736

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**




## Verslun


Forskot á sumarútsöluna 30-50% afsláttur Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588 9925 emilia.is

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt


Bárujárnsklæddur skúr með rafmagntöflu og salerni. Verð kr.150.000 - 8240672




# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið þegar þér hentar.**
**908 1616.**

Myndarlegur maður óskar eftir að kynnast konu til að fara út úr bænum með, frá 58-60 ára er rúmlega sextugur, á íbúð og bíl. Svar sendist til Fréttablaðsins merkt „1012"


**Auglýsingasími**
**512 54 01**
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...


## Fasteignir

**Óska eftir aðila sem er fús til að leggja fram fjármagn til að reisa sumarhús (100 fm .heilsárshús) til sölu.**
**Efni sem er innflutt er til staðar.**

**Gott hagnaðartækifæri**

Upplýsingar aðeins hjá ghalldor@simnet.is

## Atvinna

**Rauði kross Íslands**
**Reykjavíkurdeild**

**auglýsir eftir verkefnastjóra í Rauðakrosshúsið**

**Starfshlutfall er 100 % og felst m.a. í:**

- Umsjón með dagskrá RK hússins
- Umsjón og ábyrgð á húsnæði
- Öflun sjálfboðaliða og umsjón með þeim
- Móttaka sjálfboðaliða og gesta
- Fleira sem tengist starfinu í RK húsinu

Gerðar eru kröfur um háskólapróf sem nýtist í starfinu. Nánari upplýsingar veita Katla Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri á netfanginu katla@redcross.is .

Umsækjandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst nk.

Umsóknum skal skilað fyrir 12. júlí nk. á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, 4. hæð eða með tölvupósti eða á netfangið katla@redcross.is

## Vélar og verkfæri


LJÓSAMASTUR/RAFSTÖÐ Á VAGNI. 8KW/220V. 4FLÓÐLJÓS. NÆR ÓNOTAÐ OG Í TOPPSTANDI. 500.000 + VSK. s.824-0672

## Fasteignir

**Tilboð óskast í einbýlishús að Tungusíðu 24 á Akureyri.**



Sala 14608. Um er að ræða einbýlishús á einni hæð stærð 151,2 m² ásamt 50,4 m² tvöföldum bílskúr, samkv. Fasteignaskrá Íslands.

Húsið er byggt úr steinsteypu árið 1978 og bílskúrinn er byggður árið 1981.

Brunabótamat allrar eignarinnar er kr. 37.830.000,- og fasteignamat er kr. 26.480.000,-. Nánari upplýsingar má einnig finna á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ríkiskaup í síma 530 1400.

Tilboðsblöð liggja frammi ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaðinu hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10:00 þann 10. ágúst 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

## Til sölu

**HANDHOGGIÐ BLÁGRÝTI**
# TIL SÖLU

**Tilboð óskast í c.a. 200-300 hleðslusteina úr blágrýti**





**Til sýnis og sölu að Fiskislóð 73**
**upplýsingar í s. 861 3889**


;ALLT
Á FERÐINNI
Miðvikudaga

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Oflæti og yfirgangur

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Á síðasta áratug varð algengara en áður hafði tíðkast hér á landi, að segja upp helstu stjórnendum og lykilmönnum fyrirtækja þegar þau skiptu um eigendur. Nýju eigendurnir vildu fá sitt fólk, rétt eins og sitjandi ríkisstjórn. Sjaldgæfara var að menn gæfu sér tíma tilað leggja eyrað að jörðinni til að nema starfshætti og stemningu á staðnum. Jafnvel þekktist að sérfræðingum á þeirra vegum væri afhentur listi með nöfnum og stöðum starfsmanna. Þeir sátu síðan við skrifborð úti í bæ og merktu við þá sem væri hagkvæmt að segja upp, og höfðu ekki hugmynd um að kannski væru þeir að henda barninu út með baðvatninu: Einstaklingum með yfirgripsmikla þekkingu á vörum eða þjónustu fyrirtækisins. Fólki sem viðskiptavinirnir treystu.

Nýtt er ekki alltaf betra, og traust verður hvorki keypt né selt, eins og allir vita.

**Hið opinbera**

Í sjónvarpsfréttum ríkisútvarpsins í fyrrakvöld, var rætt við bæjarstjórann á Seyðisfirði, sem er ósáttur við þá ákvörðun ríkisins, að breyta lögreglustöð bæjarins í áfengisverslun. Lögreglan hafði þar fasta viðveru þar til Kárahnjúkar komu til sögunnar. Nú er löggæsla fjarðarins staðsett uppi á Héraði.

Gamalt og virðulegt hús sem áður hýsti áfengisverslunina hefur verið látið drabbast niður. Ber ríkið enga ábyrgð á því að halda húsinu við? Hvorki hefur verið reynt að leigja það út né selja svo ég viti. Hins vegar kom sendinefnd frá hinu opinbera til að rífa þar út verðmætar innréttingar til að koma þeim á safn í Reykjavík, en Seyðfirðingar stoppuðu þann gjörning. Þá rifjaðist upp fyrir mér spjall sem ég átti einu sinni við færeyska konu sem bjó hér á landi og var gift Íslendingi. Hún sagði að fornar minjar í Færeyjum, til dæmis einstakur útskurður á útjaðri kirkjubekkja, hefðu verið hreinsaðar út af herraþjóðinni og væru á safni í Danmörku sem danskar fornminjar. Ég sel þessa sögu ekki dýrar en ég keypti hana, en þetta er alveg sami hluturinn: Sá sem valdið hefur getur látið greipar sópa um svæði sem hann hefur aldrei komið á. Menningu og mennsku þeirra sem á stöðunum búa er enginn gaumur gefinn.

> Það kann að þykja ótrúlegt á höfuðborgarsvæðinu þar sem sjálfumgleðin ríkir, en um allt land eru byggðir með fólki sem hefur engan áhuga á að búa annars staðar.

Íslenska ríkið er ekkert betra en nýlenduþjóð í þessum efnum, og ákvarðanir eru teknar rétt eins og hjá kontóristunum með uppsagnarlistann. Eini mælikvarðinn er fjöldi bæjarbúa. Ekki sagan og það líf og starf sem þarna fer fram. Ekki manneskjurnar. Það kann að þykja ótrúlegt á höfuðborgarsvæðinu þar sem sjálfumgleðin ríkir, en um allt land eru byggðir með fólki sem hefur engan áhuga á að búa annars staðar. Þetta eru ekki sportpláss fyrir Reykvíkinga til að breiða úr sér í sumarfríum og dásama víðernið, heldur fólk sem hefur sömu áhugamál og þarfir og fólkið í Vesturbænum í Reykjavík. Þar með talið öryggisþörf, löggæsla og viðhald húsa.

**Sesselja**

Í gær, 5. júlí, voru 102 ár síðan Sesselja Sigmundsdóttir leit dagsins ljós í Hafnarfirði, og áttatíu ár síðan hún stofnaði Sólheima. Fyrstu fimm börnin komu þennan dag, árið 1930. Hún var stórbrotin kona, sem aldrei missti sjónar á markmiðum sínum og því sem mestu skipti í tilverunni. Hún gjörbreytti lífi og aðstæðum þeirra sem áður áttu ekkert skjól. Sjálf bjó hún lengst af ekki við annað öryggi en það sem bjó í skaphöfn hennar sjálfrar. Og það var ærið.

Baráttan var löng og ströng. Starfi hennar og hugsjónum var sýnd lítilsvirðing og tortryggni og reynt á allan hátt að bregða fyrir hana fæti og fordæmdu þann skilning hennar að samskipti heilbrigðra barna og fatlaðra væru hættulaus, og jafnvel þroskandi. Viðhorf hins opinbera birtist meðal annars í óvæntum heimsóknum árla morguns, í þeim tilgangi að standa Sesselju og hennar fólk að verki. Á nýliðnum árum hafa verið að koma í ljós hörmulegar afleiðingar þess að ríkið tók börn af heimilum sínum og vistaði þau á afskekktum býlum. Kannski hefði hið opinbera átt að fá útrás fyrir eftirlitshneigðina og tortygginina annars staðar en á Sólheimum.

Sesselja sigraði að lokum og naut trausts og virðingar síðustu árin. Allir draumar hennar um Sólheima hafa ræst. Sumir meðan hún lifði en annað síðar.

Sólheimar njóta virðingar innan lands og utan í dag, og það er verðskuldað.

# Um afskriftir lána

Efnahagsmál

Oddur Friðriksson
háskólanemi



Fyrir síðustu alþingiskosningar voru hafðar uppi yfirlýsingar um að skjaldborg yrði slegið um heimili landsmanna, fögur fyrirheit og kjósendur trúðu þeim, síðan er liðið rúmt ár. Í sl. viku litu þó dagsins ljós lög sem miða að því að bæta stöðu skuldsettustu heimilanna og er það vel. Þessar aðgerðir gera fólki kleift að losna undan skuldum sem það ræður ekki við eins og félagsmálaráðherra orðar það.

Talið er að aðgerðir þessar komi til með að gagnast allt að fimm þúsund heimilum en vitað er að allt að 22 þúsund heimili þurfi á umtalsverðum skuldbreytingum að halda. Þar mun fyrst og fremst vera miðað að frestunum afborgana og lengingu lánstíma – eða því að almenningur skuli borga og lánveitendur fá sitt. Nánast óþekkt er að almennir lánþegar hafi fengið afskriftir á sínum lánum eða hluta þeirra frá því að fjármálakerfið fór hér á hliðina.

Afskriftir lána eru þó vel þekktar – þær eiga sér stað innan skilanefnda bankanna, til þeirra sem voru gerendur að þessu hruni – þeirra sem fengu kúlulánin til að viðhalda röngu verði bankanna, þeir skulu sleppa við að vera ábyrgir gjörða sinna, og koma út úr þessu hruni með skuldlausum eignum sem keyptar voru fyrir arðinn af röngum hagnaðartölum – er nema von að almenning svíði.

Það á að tala um leikendur á sviðinu, þar voru bankar, atvinnnufjárfestar og almennir lántakendur, þar voru líka stjórnvöld sem klöppuðu bankana upp, löngu eftir að í óefni var komið. Almennir lántakendur, heimilin fóru í greiðslumat fagmanna (að því að þeir héldu) og lántaka þeirra byggðist alfarið á útkomu úr því mati, það er þeirra helsta sök, að hafa treyst óheiðarlegum bankamönnum og óábyrgum stjórnmálamönnum.

Við upphaf þessa hruns var kannski ekki óeðlilegt að álykta sem svo að um alþjóðlegt fjármálahrun væri að ræða og boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar gætu komið okkur út úr verstu brimsköflunum og meirihluti almennings var þessu sammála og hefur frá hruni verið reiðubúinn eða neyddur til að leggja á heimili sín þær auknu byrðar sem af hruninu leiddu, s,s hækkað verðlag. Við útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis breyttist allt. Í ljós kom svart á hvítu að bönkunum hafði verið rænt innan frá og landsmenn allir plataðir.

Hæstiréttur hefur kveðið upp sinn dóm varðandi gengistryggingu almennra bílalána og ljóst er af yfirlýsingum ráðamanna að vegið er að styrkleika bankakerfisins. Seðlabanki Íslands og FME hafa lagt fram hugmyndir sem miða einhverjum sanngirnissjónarmiðum til handa fjármögnunarfyrirtækjunum, (þeim sem lögbrotið frömdu) og viðhalds núverandi efnahagskerfis. Nokkuð ljóst er að lántakendur munu ekki verða viðhlæjendur þeirra sem vinna að því að fullkomna glæpinn.

Staðreyndir tala sínu máli. Það liggur fyrir að hafið er mál þar sem þess verður krafist að þeirri stökkbreytingu verðtryggðra lána sem varð hér í aðdraganda efnhagshrunsins verði skipt á milli lántakenda og fjármagnseigenda á grundvelli samningalaganna. Það skyldi enginn útiloka það að dómstólar taki ekki tillit til hagsmuna lántaka í því máli. Gangi það eftir er ljóst að núverandi efnahagskerfi er hrunið – og þá mun koma til afskrifta hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Í þessu ljósi hefur ríkisstjórn félagshyggjuaflanna val, hún getur gengið á fund kröfuhafanna og tilkynnt þeim að leikurinn sé tapaður og hjá frekari afskriftum verði ekki komist. Hún getur líka valið þá leið sem nú er farin að láta afleiðingar efnahagshrunsins lenda hvað þyngst á íslenskum heimilum og fyrirtækjum. Vissulega myndi þessi stefna henta fjármagnsöflunum og viðhalda því efnahagskerfi sem nú stendur á brauðfótum.

Kjósendur félagshyggjuaflanna bíða nú eftir hvora leiðina stjórnvöld kjósa að fara, fylgja réttlæti fjármálaaflanna og hagkerfi sem þarfnast uppstokkunar eða hvort þau þori að standa með yfirskuldsettum heimilum og fyrirtækjum landsmanna og byggja upp nýtt Ísland.




• Er hætta á að stærstu fyrirtækin flýi land?
• Svein Harald Øygard hjálpar Íslendingum
• Hvað er að gerast með kínverska gjaldmiðilinn?

Markaðurinn
Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði

Næsta blað kemur út á morgun




Allt sem þú þarft...



# 80 ára afmæli

## Sigurður R. Guðmundsson

verður áttræður í dag 6. júlí.

Hann og kona hans Laufey Kristjánsdóttir taka á móti vínum og vandamönnum í Húnabúð kl. 17.00.



*Ástkær bróðir okkar,*

**Ágúst Sigurbjörn Sigurðsson**

skrifstofumaður, Kjarrhólma 28, Kópavogi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 2. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Systkini og fjölskyldur hins látna.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, ömmu, langömmu og systur,*

**Ástu Ólafsdóttur Beck**

Snorrabraut 56b.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vífilsstaða fyrir persónulega og hlýja umönnun.

**Ása Beck**
**Ólöf Una Beck**
**Ulf Beck**
**Magnús Haukur Jökulsson**
**Þórunn Magnúsdóttir**
**Gyða Ólafsdóttir**



*Elskuleg mamma okkar, tengdamamma og amma,*

**Klara Björnsdóttir,**

lést miðvikudaginn 30. júní að Hornbrekku Ólafsfirði. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju fimmtudaginn 8. júlí kl. 14.

**Bjarkey, Helga, Ásgeir, tengdabörn og barnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, tengdamóðir og amma,*

**Erna Björg Guðmundsdóttir**

Tjarnhólma 2, Stykkishólmi,

lést þann 4. júlí. Útförin auglýst síðar.

**Guðþór Sverrisson**
**Guðmundur Þór Guðþórsson** **Jóhanna María Ríkharðsdóttir**
**Kristján Valur Guðþórsson**
**Guðmundur Rúnar Guðþórsson**
**Sólveig Þóra Ásgeirsdóttir**
**Guðríður Guðmundsdóttir** **Þorsteinn Svavar McKinstry**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Sveinn Einar Magnússon**
**Björgvin Trausti Guðmundsson** **Nína Berglind Sigurgeirsdóttir**
**og barnabörn.**

**FRIDA KAHLO FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1907**

*„Hvers vegna ætti ég að þarfnast ykkar fóta, þegar ég hef vængi til að fljúga með?“*

***Listakonan Frida Kahlo slasaðist alvarlega í bílslysi aðeins 18 ára gömul og þó að hún gæti gengið aftur þjáðist hún alla ævi vegna áverka sinna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



**EIRÍKUR JÓNSSON** formaður Kennarasambands Íslands er 59 ára.



**SIGURÐUR SIGURJÓNSSON** leikari er 55 ára.



**ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR** stjórnmálafræðingur er 42 ára.



*Útför*

**dr. Þorgeirs Einarssonar**

kennara, Granaskjóli 26, Reykjavík,

verður gerð frá Fossvogskapellu, fimmtudaginn 8. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en Þorgeir var mikill dýravinur og þeim sem vildu minnast hans er góðfúslega bent á dýrahjálp eða Kattholt.

**Fjölskylda hins látna.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Guðfinnu Jónsdóttur**

Bólstaðarhlíð 60, áður til heimilis að Syðsta-Ósi í Miðfirði.

**Þorvaldur Böðvarsson** **Hólmfríður Skúladóttir**
**Hólmfríður Böðvarsdóttir** **Sveinn Kjartansson**
**Jón Böðvarsson** **Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Ingibjörg Böðvarsdóttir**
**Þórunn Guðfinna Sveinsdóttir**
**Pétur Böðvarsson** **Hildur Árnadóttir**
**Elísabet Böðvarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Okkar ástkæri*

**Óskar Stefánsson**

Katrínarlind 5

sem lést af slysförum 30. júní síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. júlí kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Ísabella Alexandra Óskarsdóttir**
**Stefán Eiríksson**
**Guðmunda Óskarsdóttir**
**Nanna Maren Stefánsdóttir**
**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

**ÞETTA GERÐIST:** 6. JÚLÍ 2004

## *Tungumál Tamíla viðurkennt*

Á þessum degi árið 2004 var því lýst yfir af forseta Indlands, Dr. A.P.J. Abdul Kalam, að tungumál Tamíla væri klassískt tungumál. Tamíl-tungumálið er eitt af 22 skipulögðum tungumálum Indlands og það fyrsta til að vera viðurkennt sem klassískt tungumál af stjórnvöldum. Tungumálið er dravískt og aðallega talað af Tamílfólkinu í Suður-Asíu og eitt af opinberum tungumálum á Srí Lanka og Singapúr.



Það er einnig talað af minnihlutahópum í Malasíu og Máritíus og af hópum innflytjenda víða um heim.

Bókmenntir Tamíla hafa verið til í meira en 2.000 ár. Þær elstu eru frá því 300 árum fyrir Krist og kallast Sangam. Áletranir á tungumáli Tamíla frá fyrstu öld fyrir Krist og annarri öld eftir Krist hafa fundist í Egyptalandi og Taílandi. Tvö elstu handritin sem fundist hafa í Indlandi og verið viðurkennd og skráð af UNESCO 1997 og 2005 eru á tungumáli Tamíla.



**ÁHRIFAMIKIL VERK** Sigurður segir að Einar Jónsson hafi sjálfur viljað að aðrir en hann túlkuðu verk hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

EINAR JÓNSSON: Í NÝJU LJÓSI

# Listunnendur tjá sig sjálfir

Listasafn Einars Jónssonar býður gestum sínum í júlí að taka þátt í verkefninu Nýtt sjónarhorn á list Einars Jónssonar. Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið af Sigurði Trausta Traustasyni sagnfræðingi í samstarfi við safnið. Það gengur út á að gestir skrifi niður hugrenningar sínar um tiltekin verk í sölum safnsins sem hefur að geyma hátt í þrjú hundruð verk sem spanna sextíu ára starfsferil Einars sem listamanns, en verk hans vekja oft sterkar tilfinningar og hvetja fólk til að tjá sig.

„Þetta kom þannig til að ég var að klára sagnfræðinámið mitt í vor og hef verið að vinna á safninu samhliða því. Það lá því beint við að ég skrifaði BA-ritgerðina mína um Einar. Við þá vinnu rakst ég á mikið af skemmtilegum heimildum og eitt af því sem mér fannst athyglisvert var að Einar vildi sjálfur ekki mikið tjá sig um verkin sín eða segja fólki hvað því ætti að finnast um þau. Honum fannst að það ætti að fá að túlka þau sjálft,“ segir Sigurður og bætir við:

„Síðan var ég búinn að lesa mikið af skrifum samtímamanna Einars um verk hans og ég var forvitinn að komast að því hvað fólki í dag fyndist um þau. Þannig kviknaði hugmyndin, að sjá svona hvað nútímamaðurinn hefur að segja um verkin, hvort hann sjái jafnvel sömu hlutina og þeir sem voru samtíða Einari. Von mín er svo að þetta opni kannski í leiðinni safnið svolítið fyrir fólki, að það geti bara komið á safnið og sé þá jafnvel búið að kynna sér þetta verkefni og skoði síðan verkin út frá því. Þá geti það kannski fengið eitthvert svona nýtt sjónarhorn á verkin hans Einars.“

Gestum býðst að taka þátt í verkefninu út júlí og þeir sem það gera þurfa ekki að borga sig inn á safnið. „Þegar fólk mætir á safnið tekur á móti því safnvörður sem býður því að taka þátt í könnuninni. Ef það hefur áhuga fær það stutt spurningablað og annað blað með útskýringum á verkefninu og korti af safninu. Það eru ekki nema tíu verk sem eru í verkefninu, en ég valdi bara nokkur úr svo þetta yrði ekki of mikið. Þá getur fólk sjálft ákveðið hvert af þessum tíu verkum það velur og skrifað hvað sem er um það, bara allt sem því dettur í hug.“

Verkefnið hófst í síðustu viku og Sigurður segir að það hafi farið mjög vel af stað. „Þetta er búið að ganga rosalega vel þessa fyrstu fjóra daga og eru alveg sextíu til sjötíu manns búnir að taka þátt. Og það taka allir rosalega vel í þetta, ég fæ alveg heilu blaðsíðurnar skrifaðar. Svo það verður mikil vinna fyrir mig að vinna úr þessu næstu mánuðina en það er bara gaman,“ segir hann og hlær.

Sigurður reiknar með að nota sumarið í að klára verkefnið. „Síðan er ætlunin að þetta birtist á heimasíðu safnsins, skulptur.is, bæði svona textar með myndum af verkunum en síðan er ég líka í samstarfi við kvikmyndagerðarmanninn Gunnar Guðbjörnsson sem er að gera stutt vídeó af öllum verkunum. Þá getur fólk bara komið inn á síðuna og valið verk sem það vill skoða og heyrt mismunandi raddir fólks sem lýsir því hvaða áhrif verkin hafa á það.“

emilia@frettabladid.is




Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Í dag kynnum við glænýja og mikið endurnýjaða útgáfu af þessum frábæra sportjeppa sem nú fæst líka í 7 manna útgáfu, **Qashqai+2**. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

**Qashqai fylgir ríkulegur staðalbúnaður, m.a.:**

- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Bakkskynjarar
- Regnskynjarar á rúðuþurrkum
- 17" álfelgur
- Tvöföld loftkæling
- ESP stöðugleikastýring
- Glerþak (Qashqai+2)
- 7 sæti (Qashqai+2)

## Verið velkomin í reynsluakstur

Qashqai kostar frá:

# 4.990.000 kr.



NISSAN **MICRA - Verð frá 2.490.000 kr.**



NISSAN **MICRA - Verð frá 2.740.000 kr.**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

**www.nissan.is**

**SHIFT_** the way you move






# Farsími stjórnar lífinu

**BAKÞANKAR**
**Mörtu Maríu Friðriksdóttur**



Nýjasta uppgötvun mín er sú að ég get ómögulega lifað án farsímans míns. Ég áttaði mig á þessu síðastliðinn laugardag. Þannig er mál með vexti að ég hafði mælt mér mót við vinkonu mína á kaffihúsi í miðbænum, sem ekki er í frásögur færandi nema ég var örlítið sein fyrir og ætlaði mér að láta hana vita á leiðinni. Þá vill ekki betur til en svo að ég uppgötva mér til mikillar skelfingar að síminn hafði orðið eftir heima, á eldhúsborðinu. Nú voru góð ráð dýr og ég flýtti mér sem mest ég mátti, lagði á Skólavörðuholtinu og hljóp niður Skólavörðustíginn þar sem ég mætti undrandi augum ferðamannanna á leiðinni. Á kaffihúsið var vinkonan líka sein.

**ÞETTA** vakti mig til umhugsunar um hversu mikið við reiðum okkur á farsímana. Hver man ekki þá tíma þegar fólk settist rólegt niður á kaffihúsum og beið eftir stefnumóti sínu. Eða þá tíma þegar hægt var að komast í gegnum einn kvöldverð án símhringingar. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og síminn hringir stanslaust.

**ÉG** man sjálf eftir því þegar við fjölskyldan vorum á ferðalögum um landið og keyra þurfti upp á næsta hól til að ná símasambandi. Reyndar var það ekki einu sinni GSM-samband heldur NMT og oft fannst ekki einu sinni sambandspunktur. Í dag er þetta öðruvísi. Fólk skiptir um símafyrirtæki ótt og títt enda fyrirtækin með miklar kynningarvélar og auglýsingasmiði á sínum snærum. Mér var bara í síðustu viku boðið að skipta um fyrirtæki en það gerði ég síðast um áramótin. Reyndar hafði ég þá verið í rúm tíu ár hjá sama fyrirtækinu.

**HVERNIG** væri lífið án farsímanna? Væri samfélagið afslappaðra þar sem símarnir myndu ekki glymja allan daginn, allt árið. Myndum við jafnvel nota heimasímann meira? Ein mamma sem ég þekki kann ekki heimasímanúmer dóttur sinnar sem er nýflutt að heiman. Farsíminn er alltaf í notkun.

**AFTUR** var ég minnt á það á sunnudagskvöld hversu farsíminn er mér mikilvægur. Nú var ég reyndar með hann á mér en af einskærri óheppni hafði ég gleymt að hlaða hann og rafhlaðan entist ekki út daginn. Ég á keyrslu um bæinn og þurfti nauðsynlega að hitta á vinkonu. Ekkert varð af því og keyrði ég heim heldur sár út í sjálfa mig.

**FARSÍMINN** stjórnar lífi mínu. Það hef ég uppgötvað nú, eftir ellefu ára farsælt samband.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



## > Undanúrslitin hefjast í dag

Heldur betur er farið að draga til tíðinda á HM en í dag verður í boði fyrri farseðillinn í sjálfan úrslitaleikinn. Úrúgvæ og Holland mætast þá á Green Point-vellinum í Höfðaborg. Hollendingar þykja sigurstranglegri en enginn skal þó afskrifa sprækt lið Úrugvæ sem hefur komið skemmtilega á óvart í keppninni. Á morgun fer síðan fram hinn undanúrslitaleikurinn en í honum mætast Spánn og Þýskaland. Leikirnir hefjast klukkan 18.30.



**sport**

sport@frettabladid.is

**KRISTINN STEINDÓRSSON SKAUT BLIKUM Á TOPPINN:** SELFOSS ENN AÐ TAPA LEIKJUM

# *Frábært að vera komnir á þennan svokallaða topp*

Blikar unnu mikilvægan sigur ,1-3, á sprækum Selfyssingum á Selfossvelli í gærkvöldi og tylltu sér í efsta sæti Pepsi-deildarinnar í fyrsta skiptið í langan tíma. Heimamenn spiluðu sennilega sinn besta leik í langan tíma og því gefa úrslitin ekki alveg rétta mynd af leiknum. Blikar komust yfir rétt fyrir lok fyrri hálfleiks og það má segja að það hafi verið algjör vendipunktur í leiknum. Selfyssingar náðu að jafna leikinn, en Blikar reyndust of sterkir og skoruðu tvö mörk í viðbót og kláruðu þar með leikinn.

Framherjinn Kristinn Steindórsson var frábær í leiknum og skoraði tvö virkilega fínn mörk. „Ég er að sjálfsögðu ánægður með þessi tvö mörk og sérstaklega sigurinn," sagði Kristinn sáttur í leikslok. „Þetta var algjör seiglusigur. Við vorum ekkert að spila neitt sérstaklega vel og Selfyssingarnir gerðu okkur erfitt fyrir, en frábært að ná samt sem áður að vinna leikinn og komast á þennan svokallaða topp,"sagði Kristinn.



„Ég er gríðarlega svekktur og hundfúll," sagði Sævar Þór Gíslason, fyrirliði Selfyssinga, eftir leikinn í gærkvöldi. „Þeir voru kannski aðeins meira með boltann en þetta er samt sem áður einn af betri leikjum okkar síðan í sumar. Úrslitin gefa engan veginn rétta mynd af leiknum. Ég fékk algjört dauðafæri um miðjan síðari hálfleik sem ég klúðraði, en með marki þá hefðum við jafnað leikinn. Í staðinn fyrir skora Blikar þriðja markið og klára leikinn," sagði Sævar svekktur eftir leikinn í gær.

„Þetta var virkilega sterkt hjá strákunum að ná í þrjú stig í virkilega erfiðum leik," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn í gærkvöldi. „Við mættum gríðarlega vel skipulögðu liði Selfyssinga og það var í raun óverðskuldað að við færum með eins marks forskot inn í hálfleikinn," sagði Ólafur.

„Við komum síðan vel stemmdir út í síðari hálfleikinn og þá fannst mér við algjörlega stjórna leiknum sem síðan skilaði þessum sigri," sagði Ólafur.

**- sp**

# Dramatískt jafntefli í Laugardalnum

**Fram og Valur skildu jöfn, 2-2, í fjörugum leik á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Valur komst 2-0 yfir í fyrri hálfleik en mátti þakka fyrir eitt stig þegar upp var staðið. Jón Guðni fékk umdeilt rautt spjald.**

**FÓTBOLTI** Fram og Valur skildu í gær jöfn, 2-2, í viðburðaríkum leik á Laugardalsvellinum. Gestirnir mættu öflugir til leiks og komust í 2-0 en heimamenn svöruðu fyrir sig og áttu góðan möguleika á að næla sér í öll þrjú stigin þegar upp var staðið.

Valur var mun sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og komst í 2-0 forystu með mörkum Guðmundar Steins Hafsteinssonar og Danni König. König misnotaði reyndar einnig víti strax á tólftu mínútu leiksins. Framarar náðu þó að minnka muninn í blálok hálfleiksins með marki Jóns Guðna Fjólusonar en öll mörk fyrri hálfleiks voru skoruð með skalla.

Síðari hálfleikur var talsvert fjörugri en sá fyrri þó svo að aðeins eitt mark hafi litið þá dagsins ljós. Bæði lið fengu frábær færi til að skora og vörðu Framarar til að mynda á línu. Jöfnunarmarkið kom þó þegar Sam Tillen tók aukaspyrnu inn á teig sem fór yfir allan varnarpakkann og hafnaði í netinu.

Strax í kjölfarið gerðist umdeilt atvik. Kristinn Jakobsson dómari rak Jón Guðna Fjóluson af velli fyrir að sparka í liggjandi mann. Framarar virtust furðu lostnir en dómurinn stóð.

Þó var það Fram sem fékk besta færið til að skora sigurmarkið eftir þetta en Kjartan Sturluson varði þá vel frá Joe Tillen sem hefði átt að gera betur enda kominn einn í gegn.

„Mér fannst við frábærir í fyrri hálfleik þar sem við skoruðum tvö mörk og misnotuðum þó víti," sagði Reynir Leósson, fyrirliði Vals. „En þeir náðu að skora á síðustu sekúndunum í fyrri hálfleik og það var erfitt fyrir okkur. Þeir eru með hávaxið lið og það nýttist þeim vel



**MARK OG RAUTT** Jón Guðni Fjóluson fagnar hér marki sínu í leiknum í gær. Hann fékk síðar umdeilt rautt spjald. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þar sem bæði mörkin þeirra komu úr föstum leikatriðum. En það má ekki taka það af þeim að þeir spiluðu vel og voru sterkari í seinni hálfleik."

„Ég vil ekki meina að þetta hafi verið rautt," sagði Jón Guðni um spjaldið sem hann fékk. „Ég hljóp óvart á Danni König og rakst í hann. Flóknara var það ekki og ég vona að Kristinn [Jakobsson] endurskoði þetta eitthvað."

**eirikur@frettabladid.is**

### FRAM 2-2 VALUR

*0-1 Guðmundur St. Hafsteinsson (9.)*
*0-2 Danni König (31.)*
*1-2 Jón Guðni Fjóluson (45.)*
*2-2 Sam Tillen (76.)*

Laugardalsvöllur, áhorf.: Óuppgefið.
Dómari: Kristinn Jakobsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–9 (10–6) |
| Varin skot | Hannes 3 – Kjartan 8 |
| Horn | 4–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–17 |
| Rangstöður | 1–0 |

**Fram 4–3–3** Hannes Halldórsson 7 - Daði Guðmundsson 6, Kristján Hauksson 6, Jón Fjóluson 7, Sam Tillen 7 - Halldór Jónsson 6, Jón Eysteinsson 5, Almarr Ormarsson 5 (56., Joe Tillen 6)- Tómas Leifsson 4 (78., Jón Ólafsson -), Ívar Björnsson 4, Hjálmar Þórarinsson 5 (88., Kristinn Halldórsson -).

**Valur 4–3–3** Kjartan Sturluson 7 - Stefán Eggertsson 7, Reynir Leósson 6, ***Martin Pedersen 8**, Greg Ross 7 - Haukur Páll Sigurðsson 6, Sigurbjörn Hreiðarsson 6 (84., Rúnar Sigurjónsson -), Jón Vilhelm Ákason 5 (84., Ian Jeffs -) - Arnar Sveinn Geirsson 5, Guðmundur Hafsteinsson 5 (72. Hafþór Ægir Vilhjálmsson -), Danni König 6.

### Selfoss 1-3 Breiðablik

Selfossvöllur, áhorf.: 1.023 Jóhannes Valgeirsson (8)

*0-1 Kristinn Steindórsson (45.)*
*1-1 Einar Ottó Antonsson (57.)*
*1-2 Guðmundur Pétursson (66.)*
*1-3 Kristinn Steindórsson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–8 (4–5) |
| Varin skot | Jóhann 2 – Ingvar 3 |
| Horn | 4–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–9 |
| Rangstöður | 0–5 |

| **SELFOSS** 4–4–2 | | **BREIÐA.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Jóhann Ó. Sigurðs. | 6 | Ingvar Kale | 6 |
| Guðm. Þórarinsson | 6 | Kristinn Jónsson | 7 |
| Agnar Bragi Magnús. | 6 | Kári Ársælsson | 5 |
| Kjartan Sigurðsson | 6 | Finnur Margeirsson | 6 |
| Ingólfur Þórarinsson | 5 | Arnór Aðalsteinsson | 7 |
| (73., Ingþór Guðm. | -) | Olgeir Sigurgeirsson | 6 |
| Einar Antonsson | 7 | Guðmund. Kristjáns. | 5 |
| Jón Guðbrandsson | 5 | (81., Árni Gunnars. | -) |
| Jón Daði Böðvarsson | 5 | Jökull Elísabetarson | 5 |
| Jón Steindór Sveins. | 6 | Alfreð Finnbogason | 5 |
| (87., Ingi Ingibergs. | -) | Guðm. Pétursson | 5 |
| Davíð Birgisson | 5 | (81., Andri Yeoman | -) |
| Sævar Þór Gíslason | 5 | ***Kristinn Steindór.** | **8** |
| (73., Viðar Kjartans. | -) | | |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í PEPSI-DEILD KARLA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **10** | **6** | **2** | **2** | **22-13** | **20** |
| ÍBV | 10 | 6 | 2 | 2 | 16-8 | 20 |
| **Keflavík** | **10** | **5** | **4** | **1** | **11-9** | **19** |
| Fram | 10 | 4 | 5 | 1 | 17-12 | 17 |
| **Valur** | **10** | **4** | **4** | **2** | **17-15** | **16** |
| FH | 10 | 4 | 3 | 3 | 16-16 | 15 |
| **Stjarnan** | **10** | **3** | **4** | **3** | **20-15** | **13** |
| KR | 10 | 3 | 3 | 4 | 14-15 | 12 |
| **Fylkir** | **10** | **3** | **3** | **4** | **18-20** | **12** |
| Selfoss | 10 | 2 | 1 | 7 | 12-20 | 7 |
| **Grindavík** | **10** | **2** | **0** | **8** | **10-20** | **6** |
| Haukar | 10 | 0 | 5 | 5 | 10-20 | 5 |

Haukar jöfnuðu í blálokin gegn Fylki á Hlíðarenda en eru enn að leita að sigri:

# Fyrsta „heimavallarstig" Hauka

**FÓTBOLTI** „Þetta var ekki fallegt en taldi jafn mikið og önnur mörk," sagði varnarmaðurinn Kristján Ómar Björnsson sem jafnaði fyrir Hauka í uppbótartíma gegn Fylki í gær eftir mikinn barning í teignum. Úrslitin 1-1 og er þetta fyrsta stigið sem Haukar ná í á Vodafonevellinum í sumar.

„Leikurinn í heild er ákveðin vonbrigði. Við höfðum tak á þeim í fyrri hálfleiknum en náðum ekki að nýta okkur það. Við spiluðum vel en erum ekki nægilega beittir," sagði Kristján sem segir Hauka ekki örvænta.

„Þó að spilamennskan í seinni hálfleik hafi verið vonbrigði þá er stígandi á heildina litið. Fólk getur ekki bókað neitt gegn okkur og við erum að veita öllum liðum keppni."

Miklar breytingar voru á Fylkisliðinu vegna leikbanna. Liðið hefur átt á brattann að sækja í sumar og ljóst að marga leikmenn þess skortir sjálfstraust. Haukar voru meira með boltann í fyrri hálfleik en Fylkismenn komust yfir snemma í þeim síðari þegar Albert Brynjar Ingason skoraði.

Fylkir virtist vera með ágætis tök á leiknum eftir markið en í blálokin tryggðu Haukar sér stig. „Þetta er helvíti svekkjandi. Við bara hættum að sækja. Þeir voru samt ekki að skapa sér neitt en skoruðu þetta grísamark. Þetta hefur bara verið svona í sumar," sagði Albert sem segir að varnarleikur liðsins þurfi að batna. „Við vorum óheppnir í dag að mínu mati. Við verðum að fara að halda hreinu. Við erum alveg að skora og værum með mun fleiri stig ef vörnin væri eins og hún var í fyrra."

**- egm**



**JAFNTEFLI** Pape Faye sækir hér að marki Hauka í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Haukar 1-1 Fylkir

Vodafone-völlur, áhorf.: 580. Þóroddur Hjaltalín Jr. (6)

*0-1 Albert Brynjar Ingason (50.)*
*1-1 Kristján Ómar Björnsson (90.+3)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–14 (8–7) |
| Varin skot | Amir 5 – Fjalar 7 |
| Horn | 5–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–14 |
| Rangstöður | 6–3 |

| **HAUKAR** 4–5–1 | | **FYLKIR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Amir Mehica | 6 | Fjalar Þorgeirsson | 6 |
| Pétur Örn Gíslason | 6 | Andri Þór Jónsson | 7 |
| Kristján Ó. Björnsson | 7 | Einar Pétursson | 6 |
| Guðmundur Mete | 6 | Valur F. Gíslason | 6 |
| Gunnar Ásgeirsson | 5 | Kjartan Á. Breiðdal | 6 |
| Guðjón Lýðsson | 7 | Kristján Valdimars. | 5 |
| Hilmar R. Emilsson | 6 | Tómas Þorsteinsson | 6 |
| (60., Grétar Grétars. | 6) | (76., Friðrik Þráins. | -) |
| Hilmar Geir Eiðsson | 5 | Ingimundur Óskars. | 4 |
| Úlfar Hrafn Pálsson | 7 | (82., Ásgeir Arnþórs. | -) |
| Ásgeir Þór Ingólfsson | 6 | Jóhann Þórhallsson | 5 |
| Arnar Gunnlaugsson | 4 | ***Albert Ingason** | **8** |
| | | Pape Faye | 6 |

**Maður leiksins*




NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| KILLERS LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 10.20 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 - 8 | L |
| THE A-TEAM | kl. 10 | 12 |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

600 KR. 600 KR. 600 KR.

TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.

900 KR. 600 KR.

3-D GLERAUGU SELD AUKALEGA

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50, 8 og 10.10 | 10 |
| THE A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| STREET DANCE-3D | 4 | 7 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

SAMBÍÓIN

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM DAG KR. 600*

HEIMSFRUMSÝNING Á EINNI VINSÆLUSTU MYND SUMARSINS

„Besta Twilight myndin til þessa“ – Entertainment Weekly

the twilight saga eclipse

- hollywood reporter - p.d. variety

S.V. - Mbl Fbl

VIDDI, BÓSI LJÓSÁR OG HIN LEIKFÖNGIN ERU KOMIN AFTUR Í STÆRSTU OG BESTU TOY STORY MYND TIL ÞESSA.

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600*

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:40 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| THE LOSERS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 5:40 - 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 10:20(3D) | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 ensku tal | kl. 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

# Umdeild dönsk mynd á RIFF

Átján kvikmyndir hafa verið staðfestar á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem verður haldin í haust.

Á meðal þeirra er hin umdeilda danska heimildarmynd Armadilla sem fjallar um stríðið í Afganistan með nýjum hætti. Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor og vakti þar hörð viðbrögð. Í henni fylgir leikstjórinn Janus Metz dönsku hermönnunum Mads og Daniel eftir um Helmand-héraðið. Smátt og smátt láta þeir stríðið ná tökum á sér og framkvæma hluti sem hafa vakið hneykslun í Danmörku, bæði meðal almennings og háttsettra embættis- og stjórnmálamanna.



**ARMADILLO** Danska heimildarmyndin Armadillo hefur vakið hörð viðbrögð.

Önnur dönsk mynd á RIFF er hin dramatíska Submarino, sem Valdís Óskarsdóttir klippti. Myndin var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín í febrúar. Hún segir frá tveimur bræðrum sem gengu í gegnum mikla erfiðleika á æskuárunum. Í dag er annar þeirra ofbeldishneigður og langt leiddur áfengissjúklingur á meðan hinn er einstæður faðir sem glímir við eiturlyfjafíkn.

Ný vefsíða Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar, Riff.is, er komin í loftið. Þar má finna upplýsingar um hátíðina af ýmsu tagi en ítarleg dagskrá verður birt þar þegar nær dregur.

# Ískaldir tónar og lélegir brandarar á Hróarskeldu

**Hljómsveitirnar Sólstafir og FM Belfast spiluðu á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku um síðustu helgi. Sólstafir fá góða dóma fyrir frammistöðu sína en misjafnar skoðanir eru um spilamennsku FM Belfast.**



**FM BELFAST** Íslenska elektró-poppsveitin fær misjafna dóma fyrir frammistöðu sína á Hróarskeldu. MYND/BJARNI GRÍMS

„Þetta gekk eins og í lygasögu. Það var allt fullkomið. Eina Spinal Tab-augnablikið var þegar bolirnir sem við vorum búnir að gera og komu frá Þýskalandi týndust,“ segir Aðalbjörn Tryggvason, söngvari og gítarleikari þungarokkssveitarinnar Sólstafir.

Sveitin spilaði á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku um helgina ásamt elektró-poppsveitinni FM Belfast. Einnig komu þar fram þekktar sveitir á borð við Muse, Gorillaz og Them Crooked Vultures. „Við fengum frábærar móttökur hjá tónleikahöldurunum og þetta var allt til fyrirmyndar. Það var fjölskylduhátíð hjá okkur. Við vorum með skyldmenni og vini í pikknikk rétt bak við sviðið. Það var alveg æðislegt,“ segir Aðalbjörn.

Sólstafir spiluðu á Pavilionsviðinu á fimmtudagskvöldinu fyrir fullu tjaldi, eða um tvö þúsund manns, í um sjötíu mínútur og gengu tónleikarnir mjög vel. Í dómi sem birtist á dönsku tónlistarsíðunni Diskant.dk fær sveitin 8 af 10 mögulegum í einkunn, sem er ekki amalegt. „Þrátt fyrir að hljómsveitin hafi spilað ískalda tónlist var helvíti heitt á litla sviðinu,“ segir í dómnum. „Það var engin kreppa eða þunglyndi sem lá yfir hljómsveitinni eða áhorfendunum því bandið var í fínu formi og áhorfendurnir fylltust af krafti sem varð til þess að tjaldið lyftist nokkrum sinnum meðan á mestu látunum stóð.“

FM Belfast spilaði á sama sviði á laugardagskvöldinu en fékk misjafna dóma hjá dönsku pressunni. „Þegar hljómsveitin er upp á sitt besta er tónlistin heillandi á sinn barnalega hátt en þegar hún er hvað verst er hún nálægt því að hljóma eins og leiðindagaul. Því miður féll frammistaðan á laugardeginum oft í síðarnefnda flokkinn,“ sagði í dómi Metroexpress.dk. „Til þess að halda uppi orðspori sínu sem hress og skemmtileg tónleikasveit reyndi hljómsveitin að fá áhorfendur til að taka þátt í tónleikunum en gat því miður ekki hulið grundvallarvandamálið: FM Belfast reyndi að ná til allra og féll þess vegna í þá gryfju að segja lélega brandara og spila kjánaleg lög eftir aðra.“

> Bandið (Sólstafir) var í fínu formi og áhorfendurnir fylltust af krafti sem varð til þess að tjaldið lyftist nokkrum sinnum meðan á mestu látunum stóð.
>
> THOMAS STEEN JENSEN
> BLAÐAMAÐUR DISKANT.DK

Gagnrýnandi síðunnar Bandbace.dk var jákvæðari í garð hljómsveitarinnar. „FM Belfast spilar vel heppnaða elektróníska tónlist. Taktarnir eru negldir niður af millimetra nákvæmni og þú færð litlu, grípandi laglínurnar á heilann hvort sem þér líkar betur eða verr.“ **freyr@frettabladid.is**

# Lyppaðist niður í upptökum

Söngkonan Cheryl Cole féll í yfirlið í myndatöku um helgina og hefur nú aflýst allri vinnu á næstunni, þar á meðal dómarasætinu við hliðina á Simon Cowell í bresku X Factor-þáttunum. Henni hefur nú verið ráðlagt að hvíla sig um óákveðinn tíma af læknum sem greindu hana með magavírus og langþreytu.

Vinir söngkonunnar segja hana vinna allt að 18 tíma á dag og að hún hafi bókstaflega drekkt sér í vinnu.

Mikið hefur gengið á í lífi söngkonunnar undanfarið en hún skildi við fótboltakappann Ashley Cole fyrir nokkru eftir meint framhjáhald hans. Þá gaf Cheryl Cole nýverið út sína fyrstu plötu ein síns liðs, en hún var liðsmaður í stúlknasveitinni Girls Aloud. Frægðarsól söngkonunnar hefur samt aldrei verið skærari en nú þar sem hún er bæði að slá í gegn í dómarasætinu og með sólóplötu sinni. Miklar sögusagnir hafa verið uppi um ástarsamband hennar og rapparans Will I Am úr Black Eyed Peas en sá orðrómur hefur ekki verið staðfestur.



**ÖRMAGNA** Það leið yfir bresku söngkonuna Cheryl Cole í myndatöku um helgina og hvílist hún nú samkvæmt læknisráði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bókalagerinn

Á móti JL húsinu við Hringbraut

# Sumarmarkaður Bókalagersins hefst í dag kl. 12

**Hundruð bókatitla og geisladiska á frábæru verði**

Opið 12-18 alla daga




25 til 90 % afsláttur

## Verðdæmi

**Búfræði barnanna**
~~Verð áður 1790~~ – nú 1290 kr.

**Ég fer í fríið**
~~Verð áður 1990~~ – nú 1490 kr.

**Garðblómabókin**
~~Verð áður 3990~~ – nú 1990 kr.

**Klár kríli – Litirnir**
~~Verð áður 1290~~ – nú 890 kr.

**Manstu mig?**
~~Verð áður 2990~~ – nú 1990 kr.

**Meðgöngubókin**
~~Verð áður 5990~~ – nú 4990 kr.

**Spriklandi lax**
~~Verð áður 3990~~ – nú 2990 kr.

**Stalín ungi**
~~Verð áður 5990~~ – nú 2995 kr.

**Veganesti**
~~Verð áður 3990~~ – nú 2990 kr.

## > Jon Stewart

„Það er heill hellingur af störfum sem eru meira ógnvekjandi en það að vera grínisti. Til dæmis það að vera inni í skurðaðgerðastofu þegar hjarta einhvers stoppar, vitandi það að þú þarft að laga það!“

*Jon Stewart er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 22.45 í kvöld í þættinum Daily Show: Global Edition.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR HLÆR EKKI AFTUR AÐ NÝLEGA SÖGÐUM BRANDARA

# Þurfum við að horfa á sama brandarann tvisvar?

Nú er mér eiginlega nóg boðið, enda takmörk fyrir því hvað skattgreiðendum er boðið upp á í skjóli kreppunnar.

Nú þykir sumsé í lagi að bjóða 330.000 eigendum Ríkisútvarpsins upp á endursýningar á nýlega sýndum dönskum gamanþáttum á besta tíma kvöldsins, fyrir tíufréttir. Og Trúður er ekki bara einu sinni í viku, heldur fjögur kvöld vikunnar!

Þetta sparnaðarráð RÚV þykir mér stinga í stúf á sama tíma og vart er hægt að útvarpa dægurmálaþáttum án þess að tveir sitji þar við stjórnvölinn á örugglega fínum launatékkum úr veskjum skattgreiðenda, í stað eins þáttastjórnanda á einföldum launum.

Ég veit að endursýningar eru ódýrt sjónvarpsefni, en öllu má ofgera. Er ekki frekar hægt að endursýna vandað sjónvarpsefni fyrri áratuga úr dagskrá Ríkissjónvarpsins; þætti sem yngri kynslóðir lýðveldisins misstu af en auðvelt væri að sýna skammlaust á besta sjónvarpstíma, þegar fólk þyrstir í eitthvað nýtt? Má ekki endursýna míníseríuna Gæfu og gjörvileika með Nick Nolte, Vesturfarana með Liv Ullmann, Onedin-skipafélagið með Peter Gilmore, Húsbændur og hjú með Gordon Jackson, og löggubættina ógleymanlegu Columbo með Peter Falk, Kojak með Telly Savalas og McCloud með Dennis Weaver? Ég er viss um að margir vildu fá þessa þætti aftur á skjáinn og klárlega taka kvöldið frá með spenningi yfir gömlu gæðaefni. Hvaða hlutverki gegnir enda sjónvarp sem afþreyingarmiðill? Er ekki hlutverk þess að endursýna það besta sem gerðist í sjónvarpi, í stað þess að hamra á sömu tuggunni aftur, þótt áhorfsmælingar hafi sýnt að efnið féll þjóðinni í geð? Að mínum dómi er það vanvirðing við hugsandi fólk, því enginn nennir að heyra sama brandarann tvisvar með stuttu millibili.



## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **21.00** 4 4 2 STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **21.50** In Plain Sight SKJÁR EINN



▶ **22.00** The Boy in the Striped Pyjamas STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.20** Taggart - Stúlkan sem hvarf SJÓNVARPIÐ



▶ **22.45** Daily Show: Global Edition STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta. (e)
**16.00 Táknmálsfréttir**
**16.10 Jimmy Tvískór** (12:13)
**16.30 Sammi** (14:52)
**16.40 Múmínálfarnir**
**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** Úrúgvæ - Holland. Bein útsending frá leik í undanúrslitum HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.
**21.10 Að duga eða drepast** (8:20) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
▶**22.20 Taggart – Stúlkan sem hvarf** (Taggart: Point of Light) Skoskir sakamálaþættir þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Popppunktur** (Logar - Spútník) (e)
**00.00 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta. (e)
**00.30 HM í fótbolta** Úrúgvæ - Holland. Upptaka frá leik í undanúrslitum HM í fótbolta í Suður-Afríku (e)
**02.20 Fréttir** (e)
**02.30 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Bee Movie**
**10.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Bee Movie**
**16.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 Man About Town**
▶**22.00 The Boy in the Striped Pyjamas**
**00.00 The Hand That Rocks the Cradle**
**02.00 Ghost Rider**
**04.00 The Boy in the Striped Pyjamas**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (19:22)
**10.55 Numbers** (21:23)
**11.45 Wipeout** (8:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (11:16)
**13.30 Paprika** Japönsk teiknimynd.
**15.00 Sjáðu**
**15.25 Risaeðlugarðurinn**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Strumparnir, Þorlákur
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (5:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (9:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (7:22)
**20.05 How I Met Your Mother** (20:24)
**20.30 Modern Family** (23:24)
**20.55 Cougar Town** (4:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.
**21.20 Bones** (21:22)
**22.05 Curb Your Enthusiasm** (10:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
▶**22.45 Daily Show: Global Edition**
**23.10 Katie Morgan On Sex Toys** Djarfur heimildarþáttur frá HBO. Þátturinn er stranglega bannaður börnum og ekki fyrir viðkvæma.
**23.40 Gossip Girl** (14:22)
**00.25 Mercy** (10:22)
**01.10 Ghost Whisperer** (20:23)
**01.55 True Blood** (2:12)
**02.50 Paprika**
**04.20 Twilight Samurai** Japönsk verðlaunamynd.

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Fram - Valur** Sýnt frá leik Fram og Vals í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**17.15 Fram - Valur** Sýnt frá leik Fram og Vals í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**19.05 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**20.15 Man. Utd. - Leeds** Útsending frá leik Man. Utd og Leeds í ensku bikarkeppninni.
▶**22.00 AT&T National** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**22.55 UFC 116** Útsending frá UFC 116 en þangað mættu margir af snjöllustu og færustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 4 4 2**
**10.00 Úrúgvæ - S-Kórea** Sýnt frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2010.
**11.55 Holland - Slóvakía** Sýnt frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2010.
**13.50 Holland - Brasilía** Sýnt frá leik í 8-liða úrslitum á HM 2010.
**15.45 Úrúgvæ - Gana** Sýnt frá leik í 8-liða úrslitum á HM 2010.
**17.40 4 4 2**
**18.25 4 4 2**
**19.15 4 4 2**
**20.00 Batistuta**
**20.30 Gullit**
**21.00 4 4 2**
**21.45 Úrúgvæ - Holland** Sýnt frá undanúrslitaleik á HM 2010.
**23.40 4 4 2**
**00.25 Úrúgvæ - Holland** Sýnt frá undanúrslitaleik á HM 2010.
**02.20 4 4 2**
**03.05 Úrúgvæ - Holland** Sýnt frá undanúrslitaleik á HM 2010.
**05.00 4 4 2**
**05.45 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Matarklúbburinn** (4:6) (e) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.
**18.35 Girlfriends** (10:22) (e) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu. Háðfuglinn Kelsey Grammer er aðalframleiðandi þáttanna.
**18.55 H2O** (15:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka. En dag einn festast þær í dularfullum helli og líf þeirra breytist að eilífu.
**19.20 America's Funniest Home Videos** (13:46)
**19.45 King of Queens** (1:23)
**20.10 Survivor** (7:16) .
**21.00 Eureka** (8:18).
▶**21.50 In Plain Sight** (3:15) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.35 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.20 CSI** (19:23) (e) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Vandræðaunglingur er myrtur og í ljós kemur að hann átti marga óvini.
**00.10 King of Queens** (1:23) (e)
**00.35 Óstöðvandi tónlist**

## iNN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Græðlingur**
**23.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL.20.55**

### Cougar Town



Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda að hennar mati engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Úrúgvæ - Holland**

**Sjónvarpið kl. 18.20**

Bein útsending frá leik Úrúgvæs og Hollands í undanúrslitum HM í fótbolta karla í Suður-Afríku.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Morgunfrúin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tónlist fólksins **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Flakk **14.03** Tónar að nóni **15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum **15.25** Þriðjudagsdjass **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Á sumarvegi **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.22** Syrpan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fnykur **23.10** Sumar raddir **00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 91,9** Kaninn **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Ally McBeal** (14:22) Ally ákveður að fara í DNA-rannsókn til að athuga hvort Maddie sé í raun og veru dóttir hennar, kona sem farin er að kalka ruglast á Viktori og elskhuga sínum og Fish hittir fyrstu ástina sína.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Glee** (18:22) Skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**22.30 So You Think You Can Dance** (4:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur í sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig.

**23.55 So You Think You Can Dance** (5:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur í sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig.

**00.40 Torchwood** (2:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.

**01.30 Ally McBeal** (14:22)

**02.15 The Doctors**

**03.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**03.30 Fréttir Stöðvar 2**

**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Only Fools and Horses **12.50** Only Fools and Horses **13.20** My Hero **13.50** My Hero **14.20** After You've Gone **14.50** After You've Gone **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** EastEnders **16.40** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Hotel Babylon **19.20** Spooks **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** The Weakest Link **21.30** Last of the Summer Wine **22.00** Whose Line Is It Anyway? **22.30** Hotel Babylon **23.20** Spooks

## DR 1

**12.00** Hvor er vi landet? **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Ønskehaven **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Lille Nørd **16.00** Sommerminder **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Spise med Price **18.30** Drommehaver **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Vilde roser **20.45** VM 2010 studiet **21.15** Jagten på pædofile **22.10** Naruto Uncut **22.30** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** E6 - En reise gjennom nordmenns liv **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** En livskraftig planet **18.50** Extra-trekning **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pinlige sykdommer **21.05** Kveldsnytt **21.20** Hva skjedde med Poppy MacDonald? **22.25** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.20** Svisj gull

## SVT 1

**12.40** Hugo och Josefin **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Om Stig Petrés hemlighet **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.15** K-märkt form **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Fotbolls-VM **21.00** Stand-up med John Oliver **22.00** Cleo **22.30** A Prairie Home Companion




**SUMARFRÍIÐ**



*„Í sumar ætla ég að ferðast um Ísland og sauma föt.“*

Hulda Dröfn Atladóttir fatahönnuður.

# Vinkonur smygla sér á rauða dregilinn

„Við vorum ekki nema um tíu metra frá öllum stjörnunum,“ segir Birgitta Líf Björnsdóttir, 17 ára nemi við Verzlunarskóla Íslands.

Birgitta Líf er nú stödd í Los Angeles ásamt vinkonum sínum, Evu Dögg Þórisdóttur og Elísabetu Hönnu Maríudóttur. Vinkonurnar, sem allar eru á átjánda ári og stunda allar nám við Verzlunarskóla Íslands, eyða mánuði í borginni nú í sumar. Þriðja myndin í Twilight-seríunni var frumsýnd á dögunum og stelpurnar komu sér inn með klókindum.

„Við vorum búnar að taka eftir tjaldborginni fyrir utan Nokia Theatre í nokkra daga. Við erum ekki það miklir aðdáendur en ákváðum samt að kíkja á forsýninguna,“ segir Birgitta. „Við komum þangað hálftíma fyrir sýningu og með ótrúlegum hætti náðum við að bulla okkur í gegnum öll öryggisverðina og enduðum á frábærum stað – mun betri stað en þeir sem höfðu tjaldað í marga daga.

Birgitta Líf og stelpurnar eru búnar að vera í Los Angeles í þrjár vikur, en þær strituðu í vetur til að eiga fyrir ferðinni. „Við erum búnar að vinna fyrir þessari ferð í allan vetur til að borga þetta sjálfar,“ segir Birgitta. Vinkonurnar ætluðu að leigja sjálfar íbúð en voru svo heppnar að fá að gista hjá íslenskri konu sem býr í Los Angeles.

„Það eru endalausar sögur af því sem við erum búnar að upplifa. Við förum í viðtal bæði í útvarpsþátt og tvo netþætti og förum til Las Vegas,“ segir Birgitta. „Við upplifðum stemninguna í kringum úrslitaleikinn í körfubolta þar sem LA Lakers vann. Við förum í UCLA og bönkuðum upp á í systra- og bræðrafélagshús þar og fengum að skoða okkur um. Við erum búnar að sjá helling af stjörnum og hittum til dæmis leikkonuna Amber Stevens sem leikur í uppáhaldsþáttunum okkar, Greek.“ - ls



**Á RAUÐA DREGLINUM** Vinkonurnar náðu að smygla sér í gegnum öryggisverðina á forsýningu Twilight: Eclipse.



**LÁRÉTT**
2. hæfileiki, 6. tveir eins, 8. reitur, 9. lærir, 11. guð, 12. orðrómur, 14. kvk nafn, 16. verslun, 17. temja, 18. púka, 20. rykkorn, 21. rétt.

**LÓÐRÉTT**
1. óskiptu, 3. í röð, 4. afar, 5. skel, 7. limlesta, 10. hlóðir, 13. fæða, 15. lengdareining, 16. hólf, 19. strit.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gáfa, 6. ll, 8. beð, 9. les, 11. ra, 12. umtal, 14. sóley, 16. bt, 17. aga, 18. ára, 20. ar, 21. satt.

**LÓÐRÉTT:** 1. öllu, 3. áb, 4. ferlega, 5. aða, 7. lemstra, 10. stó, 13. ala, 15. yard, 16. bás, 19. at.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Kristján Loftsson.
2. David Villa.
3. 4. sæti.


vísir.is
„...ég sá það á vísi“

SUPER PIZZA
Nýbýlavegi 32
Tilboð
16" Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.


ATLI SIGURSVEINSSON: VIÐ ERUM ROSALEGA SÁTTIR VIÐ ÞETTA

# SEMJA VIÐ EITT STÆRSTA TÓNLEIKAFYRIRTÆKI EVRÓPU

„Við erum rosalega sáttir við þetta,“ segir Atli Sigursveinsson, gítarleikari rokksveitarinnar Endless Dark.

Endless Dark hefur gert samning við enska fyrirtækið X-Ray Touring sem sér um að skipuleggja tónleika fyrir hinar ýmsu hljómsveitir. Samningurinn er mikilvægur fyrir Endless Dark því fyrirtækið er á meðal þeirra stærstu í Evrópu og er með stór nöfn á borð við Coldplay, Eminem, Green Day, Snow Patrol, Nick Cave og Queens of the Stone Age á sínum snærum. „Þetta er byrjunin. Við fórum á fund með manni sem heitir Steve Strange sem virðist vera einn af aðalgaurunum þarna,“ segir Atli.

Endless Dark spilar svokallað post-harðkjarnarokk, eða screamo. Sveitin er skipuð sex strákum á aldrinum 18 til 22 ára frá Ólafsvík og Grundarfirði.

Verkefnin eru þegar farin að hrannast upp hjá vestfirsku rokkurunum því Endless Dark hefur verið bókuð á tónlistarhátíðina Sonisphere í Englandi 31. júlí. Þetta er mikil rokkhátíð, enda stíga þar á svið í ár Iron Maiden, Rammstein, Mötley Crüe, Placebo og fleiri kunnar sveitir.

„Þetta er geðveikt. Þarna verða líka önnur bönd sem ekki allir þekkja sem eru átrúnaðargoð hjá manni,“ segir Atli sem hlakkar mikið til að spreyta sig. „Núna eru bara æfingar á fullu. Þetta má ekki klúðrast. Þetta gæti verið eina stóra tækifærið sem maður fær.“

Endless Dark spilar einnig með bandarísku hljómsveitinni Madina Lake á nokkrum tónleikum í Bretlandi en sú sveit er ákaflega vinsæl þar um slóðir. Hún var kjörin besti erlendi nýliðinn á Kerrang!-tónlistarhátíðinni árið 2007 og spilar einmitt á aðalsviðinu á Sonisphere í ár. Þegar er orðið uppselt á tónleika Madina Lake og Endless Dark á hinum þekkta stað Barfly í London hinn 4. ágúst.

Lagið Cold, Hard December af væntanlegri EP-plötu Endless Dark er á leiðinni í loftið, sem og myndband við lagið sem var tekið upp í Bretlandi fyrr á árinu. Rétt fyrir upptökurnar náði hljómsveitin öðru sæti í hæfileikakeppninni Global Battle of the Bands sem var haldin í London og vakti fyrir það mikla athygli. freyr@frettabladid.is



**ENDLESS DARK** Hljómsveitin Endless Dark hefur gert samning við enska fyrirtækið X-Ray Touring. Tónleikar á Sonisphere-hátíðinni eru fyrirhugaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Tónleikahátíðin í Galtalæk með þýska teknótryllinn Scooter fremstan í flokki fór fram um helgina. Fjöldi fólks sótti hátíðina og fór hún vel fram að sögn lögreglu en auk Þjóðverjans stigu á svið íslensku rapphundarnir í XXX Rottweiler og **Steindi Jr.** sem á eitt vinsælasta lag Íslands um þessar mundir. Allt ætlaði um koll að keyra þegar kappinn steig á svið en milli 3.000 og 5.000 manns sóttu hátíðina. Áhorfendur sungu hástöfum með laginu Geðveikt fínn gaur og voru móttökurnar slíkar að þær hefðu vel sæmt heimsfrægri rokkstjörnu.



Rottweilerhundarnir létu einnig til sín taka á hátíðinni og athygli vakti að þeir eyddu helginni á fjölskylduhluta tjaldsvæðisins. Þrátt fyrir að vera fjarri aðalpartístemningunni varð **Erpur Evindarsson** fyrir barðinu á ræningjum en sænginni hans var stolið úr tjaldinu. Sængin, sem var með Garfield-sængurveri, var rapparanum kær og eyddi hann góðum tíma í að leita að henni. Erpur auglýsti meðal annars eftir sænginni á Facebook og ku sakna hennar mjög.



Fréttablaðið hefur sagt frá tippkeppni fagmanna í tengslum við HM í fótbolta. Venediktsson-samsteypan, sem heldur utan um keppnina, heldur uppskeruhátíð á Hressó á sunnudagskvöld eftir úrslitaleikinn á HM í fótbolta. Þá fæst úr því skorið hvaða kempa ber sigur úr býtum í leiknum og fær hinn getspaki 150 þúsund krónur í verðlaun. Þegar aðeins fjórir leikir eru eftir í keppninni er **Leifur Garðarsson**, þjálfari Víkings, í efsta sætinu en fast á hæla hans koma Keflvíkingarnir Haukur Ingi Guðnason og Willum Þór Þórsson. - áp




Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:

Allir helstu HM leikirnir í beinni á karoeke sportbar Frakkastíg 8.

Skemmtilegar uppákomur á milli leikja og Stór á 450 kr.

Egils gull og Kareoke sportbar - alvöru HM stemmning !





# Frumsýndu á Soho House-hótelinu

„Handritið er eftir Hugleik Dagsson og er þetta fyrsta kvikmyndahandritið sem hann skrifar. Myndin fjallar um skiptinema sem stundar nám í kvikmyndagerð og leigir á meðan hjá íslensku pari. Hann er svo fenginn til að fylgja eftir inngöngu þessa pars inn í uppgerðan sértrúarsöfnuð,“ útskýrir Kristín Bára Haraldsdóttir, sem leikstýrði stuttmyndinni Knowledgy ásamt Hrefnu Hagalín. Stuttmyndin er sameiginlegt lokaverkefni þeirra úr Kvikmyndaskólanum þar sem þær námu leikstjórn og framleiðslu.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Ingvar E. Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir og bandaríski leikarinn Leo Fitzpatrick, sem lék meðal annars í kvikmyndinni Kids og í sjónvarpsþáttunum The Wire. Myndin var frumsýnd á Soho House-hótelinu í New York og segir Kristín Bára móttökurnar hafa verið góðar. „Salurinn tók fjörutíu manns í sæti en það mættu um sextíu manns og við Hrefna enduðum með því að sitja á gólfinu,“ segir Kristín Bára og hlær. Vefritið Dazed Digital fjallaði meðal annars um myndina á forsíðu sinni og segir Kristín Bára það vera góða auglýsingu fyrir þær.

Stúlkurnar hafa í nógu að snúast þessa dagana því auk þess að leggja lokahönd á Knowledgy eru þær meðal annars að vinna að tveimur nýjum stuttmyndum og sjónvarpsþætti. „Það er nóg að gera og við erum meðal annars að vinna í því að koma Knowledgy áfram á einhverjar kvikmyndahátíðir, svo erum við með sjónvarpsþátt í bígerð og fleiri stuttmyndir,“ segir Kristín Bára. - sm



**GOTT TVÍEYKI** Kristín Bára Haraldsdóttir og Hrefna Hagalín leikstýrðu saman stuttmyndinni Knowledgy sem fengið hefur góða dóma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Taktu flugið

**Nettilboð 7. – 14. júlí**

## Til og frá Reykjavík:

- » Akureyri **6.250 kr.**
- » Egilsstaðir **7.250 kr.**
- » Ísafjörður **6.250 kr.**
- » Vestmannaeyjar **5.250 kr**

Verð aðra leið með sköttum. Takmarkað sætaframboð.

**Einungis bókanlegt á flugfelag.is**

→ flugfelag.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 50731 06/2010

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Níu manna fjölskyldan trónir á toppnum

Fréttablaðið sagði á dögunum frá níu manna fjölskyldu á Akranesi sem tekur þátt í lukkuleik á vegum Radison SAS-hótelkeðjunnar. Fjölskyldan trónir nú á toppi leiksins og hefur stokkið upp um 13 sæti á innan við viku. Fjölskyldan er ekki sú eina frá Íslandi sem tekur þátt en Íslendingum virðist mikið í mun að komast af landi brott. Við eigum þrjá kandídata í fimm efstu sætum keppninnar og því dágóðar líkur á að einhver Íslendingur verði 365 hótelnóttum ríkari.

### Herdís hlýtur upphefð

Prófessor Herdís Þorgeirsdóttir hefur nóg fyrir stafni nú sem endranær. Hún var nýverið skipuð aðalmaður í svokallaðri Feneyjanefnd Evrópuráðsins um lýðræði með lögum. Varamenn voru skipaðir Páll Hreinsson hæstaréttardómari og Hjörtur Torfason, fyrrverandi hæstaréttardómari og áður aðalmaður í nefndinni. Herdís mun ásamt öðrum nefndarmönnum veita Evrópuráðinu ráðgjöf næstu ár í málum tengdum stjórnskipun.



- áp, sh

## Mest lesið vísir.is

1. Ellen á spítala eftir átök við lögreglu
2. Grjótkastarinn íhugar að keyra inn á Alþingi
3. Mótmæli í hádeginu: Það stefnir allt í óefni
4. Bílaumboð getur ekki selt notaða bíla
5. Mótmælandi keyrði vélhjól á hurð Seðlabankans
6. Miðaldra kona grýtti lögreglumenn

Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

